

ÁRSSKÝRSLA 2005



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN: ÁRSSKÝRSLA 2005

Ritstjórn: Sigrún Klara Hannesdóttir (ábm.), Þorsteinn Hallgrímsson

Umbrot: Erla Bjarnadóttir

Forsíðumynd er af titilblaði handritsins ÍB 299 4to

Myndir: Helgi Bragason

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI LANDSBÓKAVARÐAR	4
Frá safni til þekkingarveitu – Horft til framtíðar.....	4
STJÓRNSÝSLA	6
Árangurssamningur við menntamálaráðuneytið.....	6
Innra starf.....	7
Samstarf við aðrar stofnanir.....	9
Samskipti við Háskóla Íslands.....	9
Erlend samskipti.....	9
Skipurit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.....	10
REKSTRARSVIÐ	11
Upplýsingatækni.....	11
Tölvuþjónusta.....	12
Rekstur húss og lóðar.....	12
VARÐVEISLUSVIÐ	13
Handritadeild.....	13
Þjóðdeild.....	16
ÞJÓNUSTUSVIÐ	18
Upplýsingadeild.....	18
Útlánadeild.....	21
LYKILTÖLUR LANDSBÓKASAFNS OG ÝMIS TÖLFRÆÐI	24



Ávarp landsbókavardar

Frá safni til þekkingarveitu

Horft til framtíðar

Árangur ársins

Þegar horft er til baka yfir árið 2005 kemur í ljós að margt hefur áunnist og margt jákvætt hefur gerst í starfsemi safnsins eins og sjá má í þeirri skýrslu sem hér fylgir. Á flestum sviðum í safninu hafa orðið miklar framfarir og mælanlegur árangur. Má þar nefna nýjan vef safnsins www.landsbokasafn.is sem nú mætir kröfum samtímans, glæsilegur og nútímalegur. Er þar sérstaklega verið að þjóna nemendum í háskólanámi með því að bjóða ýmis konar leiðbeiningar um heimildavinnu og ritgerðasmíð. Einnig opnaði www.hvar.is nýja síðu fyrir rafrænt aðgengi að tímaritum og gagnasöfnum í landsaðgangi.

Áfram var unnið að endurbótum og lagfæringum á skráningargrunni Gegnis, sem er nú ekki lengur rekinn af safninu sjálfu heldur af Landskerfi bókasafna með skráningu frá söfnum um allt land. Eftir sem áður leggur Landsbókasafn mikið að mörkum til þess að gæði gagnasafnsins séu sem mest. Unnið var við að eyða tvöföldum færslum og ný nafnmyndaskrá fæddist seint á árinu. Einnig má nefna tilraun með að forskrá jólabækurnar eftir upplýsingum frá Félagi bókaútgefenda og tókst sú tilraun mjög vel. Margir leggja hönd á plóg en verkstjórn og umsýsla er í höndum Landsbókasafns.

Stafræn endurgerð af eldra efni hefur verið mjög í brennidepli og íslensk dagblöð og tímarit mynduð og sett á vefinn, öllum aðgengileg. Morgunblaðið hefur verið í forgangi, en einnig hafa verið mynduð önnur blöð s.s. Lögberg-Heimskringla. Það sem helst hindrar framgang er skortur á annarri stafrænni myndavél til að flýta verkefnum sem nú bíða. Rúmlega ein milljón síður af íslensku efni er nú í stafrænu formi og aðgengilegt á vefnum og fjöldinn eykst um 25.000 blaðsíður á mánuði.

Vefsöfnun er nú komin í fast form, þ.e. afrit er tekið af öllum íslenskum vefsíðum þrisvar á ári. Í bígerð er að skilgreina þau vefsetur sem breytast hraðar og safna þarf reglubundið og einnig stendur til að koma á söfnunum sem tengjast ákveðnum viðburðum. Verður væntanlega byrjað að safna efni sem tengist sveitarstjórnarkosningum 2006. Standa Íslendingar mjög framarlega í því er snertir vefsöfnun.

Í innri starfsemi og starfsmannahaldi ber það hæst að til framkvæmda komu samningar við starfsmenn sem byggðust á starfsmati á hverju einasta starfi sem unnið er í safninu. Urðu miklar kauphækkningar í kjölfarið sem

erfitt var að ráða við en þegar til lengri tíma er lítið verður að fagna því að starfskjör starfsmanna safnsins hafi batnað til muna. Áfram er unnið að gæðahandbók fyrir safnið þar sem verklagsreglur hafa verið gerðar um ýmsa starfsþætti til að tryggja vönduð vinnubrögð í hvívetna. Bókhaldskerfið hefur verið endurbætt og nú hægt að fá greiðari svörum og greiningu á fjárhagsstöðu safnsins á hverjum tíma.

Árangurssamningur

Það má segja að það hafi verið videigandi að skrifa undir árangurssamning við menntamálaráðuneytið í árslok. Ráðuneytið efndi til samkomu þar sem 14 stofnanir skrifuðu undir árangurssamning við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu, gamla safnahúsi Landsbókasafns. Var þessi samningur nokkurs konar endapunktur á nokkuð löngu ferli sem hefur verið í gangi í safninu við endurskoðun á skipulagi og starfsemi safnsins.

Í ljós kom að safnið átti tilbúin flest þau skjöl sem



naudsýnleg voru vegna samningsins, svo sem markmið og áherslur ásamt framtíðarsýn. Framtíðarsýn var sett fram árið 2003 og á gilda út árið 2006:

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er hornsteinn í öflun, varðveislu og miðlun þekkingar um íslenskt samfélag og á sviði vísinda og fræða. Safnið er þekkingarveita sem vinnur að því að veita faglega upplýsinga-þjónustu um íslenskt samfélag og tryggja að Íslendingar standi jafnlætis öðrum þjóðum hvað varðar aðgengi að hvers kyns þekkingu og upplýsingum.

Tvö meginmarkmið safnsins í framtíðinni eru þau, að þróa bæði stafrænt aðgengi að hinum íslenska menningararfi og tryggja að fræðasamfélagið og almenningur eigi sem greiðastan aðgang að þekkingu heimsins með nýtingu rafrænnar tækni. Bæði þessi verkefni þarf að þróa nánar, auka það efni sem gert er aðgengilegt og bæta aðgengið með því að samhæfa leitir svo að hægt sé að leita í mörgum gagnasöfnum í einni leit.

Önnur áhersluatriði sem árangurssamningurinn kallaði eftir voru aðgengismál, starfsmannastefna, jafnréttisáætlun og stefna í upplýsingatæknimálum. Á öllum þessum sviðum stendur safnið sig vel. Aðgengi í safninu er eins gott og á verður kosið. Þar er aðgengissetur fyrir blinda, sjónskerta og hreyfihamlaða auk þess sem allt húsið er fært fyrir hjólastóla. Starfsmannastefna var samþykkt árið 2004. Þar segir m.a.: „Stjórnendur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns telja að til þess að ná fram settum markmiðum þurfi stofnunin að hafa yfir að ráða hæfu og vel menntuðu starfsfólki, sem getur axlað ábyrgð og sýnt frumkvæði í starfi og geti þannig tekið virkan þátt í framþróun stofnunarinnar“. Jafnréttisáætlun var sett í safninu árið 2004. Þar segir: „Stefna Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns er að gæta fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannaúður stofnunarinnar nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna safnsins að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós“. Stefna Landsbókasafns í upplýsingatækni byggir á stefnu ríkisstjórnarinnar „Auðlindir í allra þágu“ og stefnu menntamálaráðuneytisins: „Áræði með ábyrgð“. Landsbókasafn nýtir upplýsingatækni í nær allri sinni starfsemi. Safnið heldur úti nútímalegum vef þar sem veitt er aðgengi að ýmis konar rafrænum gögnum, bæði gögnum sem safnið hefur sjálft sett í stafrænt form og því sem keyptur er aðgangur að.

Langtímaáætlanir

Í téðum árangurssamningi er óskað eftir að safnið leggi fram langtímaáætlun um hvert það vilji stefna næstu fimm árin eða til ársins 2010. Að sjálfsögðu verður haldið áfram að vinna við þau tvö meginverkefni sem áður eru nefnd, annars vegar að veita Íslendingum aukinn aðgang að menningararfinum með því að þróa stafrænt þjóðbókasafn og hins vegar að styrkja nýsköpun og þróun í samfélaginu með því að veita öllum landsmönnum gott aðgengi að vísindum og

þekkingu heimsins. Aðrir þættir koma einnig til álita, svo sem á hvern hátt safnið geti sinnt forystuhlutverki sínu varðandi samræmingu í starfsháttum safna og þróun nýjunga í starfsemi og þjónustu safnakerfis landsins. Þessum áætlunum á að skila til menntamálaráðuneytis fyrir 1. maí 2006.

Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir
landsbóka­vörður





Stjórnsýsla

Stjórn

Samkvæmt lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn skipar menntamálaráðherra fimm menn í stjórn bókasafnsins og eru það: Hörður Sigurðsson formaður, skipaður af menntamálaráðherra, tveir skipaðir að tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands sem eru dr. Rögnvaldur Ólafsson og dr. theol. Hjalti Hugason, Vilhjálmur Lúðvíksson að tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, og Eydís Arnviðardóttir að tilnefningu Upplýsingar, Félags bókasafns- og upplýsingafræða. Fulltrúi starfsmanna er Stefánía Arnórsdóttir. Stjórnarfundir sitja einnig að jafnaði landsbókavörður dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, aðstoðarlands-bókavörður Þorsteinn Hallgrímsson og fjármálastjóri safnsins Edda G. Björgvinsdóttir.

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega og tekur ákvarðanir um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sitja Sigrún Klara Hannesdóttir, landbókavörður, Þorsteinn Hallgrímsson aðstoðarlandsbókavörður, Edda G. Björgvinsdóttir fjármálastjóri og sviðsstjóri rekstrarsviðs, Áslaug Agnarsdóttir sviðsstjóri þjónustusviðs og Kristín Bragadóttir sviðsstjóri varðveislusviðs fram til 15. september. Frá þeim tíma tók nýr sviðsstjóri varðveislusviðs, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, við því starfi þegar Kristín fór í fjögurra ára leyfi. Framkvæmdaráð hélt alls 35 fundi á árinu 2005 og eru allar fundargerðir ráðsins birtar á *Inngangi*, innri vef safnsins.

Safnráð og safnráðsfundir

Í safnráði sitja 10 aðilar. Á árinu 2005 sátu í ráðinu auk framkvæmdaráðs forstöðumennirnir Halldóra Þorsteinsdóttir, Bryndís Ingvarsdóttir, Þorleifur Jónsson og Örn Hrafnkelsson, svo og Herdís Þorgrímsdóttir starfsmannastjóri. Hlutverk safnráðs er

fyrst og fremst stefnumótandi vettvangur fyrir safnið. Tveir safnráðsfundir voru haldnir á árinu þar sem aðalmálefnið var endurskoðun stefnumótunarskjalsins, Þekkingarveita á norðurslóð, og voru ræddar þær hugmyndir sem forstöðumenn safnsins höfðu lagt fyrir. Skoðuð var stefnan og verkefnaáætlanir og rætt um á hvern hátt koma mætti stefnunni í framkvæmd.

Árangurssamningur við menntamálaráðuneyti

Þanna 29. desember var skrifað undir árangurssamning milli Landsbókasafns og menntamálaráðuneytis við hátiðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsi. Samningar höfðu verið í undirbúningi á haustdögum undir stjórn fulltrúa frá menntamálaráðuneyti. Tilgangur samningsins er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytis og stofnunar, auk þess að draga fram áherslur vegna stefnumótunar og áætlanagerðar. Í samningnum er gerð grein fyrir hlutverki safnsins í samræmi við lög og reglugerðir og gerð grein fyrir að ráðuneytið muni beita sér fyrir því að fjárveitingar verði í samræmi við áherslur og markmið í samningnum. Framtíðarsýn safnsins var sett fram 2003 og er eftirfarandi:

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er hornsteinn í öflun, varðveislu og miðlun þekkingar um íslenskt samfélag og á sviði vísinda og fræða. Safnið er þekkingarveita sem vinnur að því að veita faglega upplýsingaþjónustu um íslenskt samfélag og tryggja að Íslendingar standi jafnfætis öðrum þjóðum hvað varðar aðgengi að hvers kyns þekkingu og upplýsingum.

Í stefnu safnsins til 2006 voru tilgreind fjögur meginmarkmið: a. Að efla safnið sem þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands; b. Að auka fjölbreytni í þjónustu safnsins og bæta hana; c. Að skerpa ímynd safnsins sem þekkingarveitu og efla hlutverk þess sem forystuafli meðal íslenskra bókasafna, og d. Að efla safnið sem eftirsóttan vinnustað.

Í nýja árangurssamningnum var kallað eftir sérstökum markmiðum og áherslum í starfi stofnunar þar sem tækifæri gafst til að kynna áherslur á hlutverk safnsins sem *þekkingarveitu*, þ.e. stofnun sem leggur sig fram um að veita þekkingu til samfélagsins fremur en að fólk

þurfi að koma í safnið til að ná í þá þekkingu sem til er í heiminum. Í samræmi við tvöfalt hlutverk safnsins hafa áherslurnar í starfsemi safnsins verið einkum tvenns konar: Stafrænt íslenskt þjóðbókasafn, sem tengist áherslum safnsins við að koma íslensku efni í stafrænt form og gera það aðgengilegt um vef safnsins. Yfir ein milljón síður eru nú þegar komnar á vefinn og unnið er markvisst að því að auka það efni. Safnið annast söfnun á vefsíðum og varðveitir þær og stefnir að því að verða eitt fyrsta land í heimi þar sem allur menningararfurinn er aðgengilegur í tölvutæku formi. Stafrænt rannsóknarbókasafn (Rannsóknarbókasafn Íslands). Verkefnið byggir á því að gera vísindis- og fræðaiðkun auðveldari á Íslandi með því að auka aðgengi landsmanna að rafrænum gögnum, tímaritum og gagnasöfnum, og með því að halda úti virkum og öflugum vef þar sem allir sem stunda fræðidækanir geti átt greiðan aðgang að því efni.

Önnur atriði sem taka þurfti fram í samningi þessum voru aðgengismál sem eru í góðu lagi í safninu bæði hvað varðar aðgengi að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er og um aðgengi að húsinu sjálfu. Safnið hefur starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu sem báðar voru settar árið 2004. Stefna Landsbókasafns í upplýsingatækni byggir á stefnu ríkisstjórnarinnar Auðlindir í allra þágu og stefnu menntamálaráðuneytisins: Áræði með ábyrgð. Landsbókasafn nýtir upplýsingatækni í nær allri sinni starfsemi. Á árinu 2006 verður í fyrsta sinn unnið eftir þessum árangurssamningi og mun ráðuneytið fylgjast náið með verkferlum stofnunarinnar við að ná markmiðum samningsins.

Varaeintakasafn í Reykholti

Þann 6. júlí, 2005 skipaði menntamálaráðherra starfshóp til að skoða hvort varaeintakasafnið skuli vera áfram í Reykholti og til að koma með tillögur til úrbóta. Starfshópurinn starfar undir stjórn Ragnheiðar Þórarinsdóttur í menntamálaráðuneyti en auk hennar sitja í starfshópnum Hörður Sigurgestsson, stjórnarformaður Landsbókasafns og Óskar Valdimarsson frá Framkvæmdasýslu ríkisins og er nefndinni ætlað að skila álitu haustið 2005. Í september átti nefndin kynningarfund í safninu þar sem starfsmenn fóru yfir þær greinar í lögum og reglugerð sem fjalla um skylduskil, varaeintakasafn og hlutverk safnsins varðandi varðveislu öryggiseintaka. Einnig var farið yfir varðveisluskilyrði mismunandi tegunda efnis, söfnun á vefsíðum og varðveislu segulbanda og afrita, ásamt áætlaðri framtíðarþörf fyrir húsnæði varaeintakasafns.

Innra starf

Rekstraráætlun

Fjármál, rekstraráætlanir og forgangsroðun verkefna hefur verið í höndum hvers sviðs frá árinu 2004. Vandamál sem voru við framkvæmdina á árinu 2004 og skortur á skilvirkri upplýsingamiðlun leystust að

miklu leyti á árinu og er nú hægt að fylgjast nokkuð vel með stöðu mála á hverjum tíma. Rekstraráætlun fyrir árið 2005 stóðst illa vegna þeirra miklu launahækkana sem fylgdu í kjölfarið á starfsmati og vörpun úr því mati í launaflokka. Safnið lenti í miklum fjárhagserfiðleikum sem ekki var hægt að ráða bót á nema með því að segja upp fólki. Lögð var fram ný sparnaðaráætlun þar sem reiknað var með að ná niður rekstrarhalla á þremur árum.

Tímasett markmiðsáætlun

Í samræmi við stefnu safnsins hafa verið unnar verkefnaáætlanir fyrir hvert svið fyrir komandi ár. Í nóvember 2005 höfðu öll svið lagt fram sínar verkefnaáætlanir þar sem öll starfsemi þeirra er kortlögð og jafnframt lögð fram áhersluatriði sem einkum á að vinna að á árinu 2006. Alls eru hátt á annað hundrad verkefni í gangi, sum má skilgreina sem skammtímaverk en önnur eru unnin á lengri tíma. Þessar verkefnaáætlanir voru lagðar fyrir stjórn og einnig voru þær lagðar fyrir fulltrúa menntamálaráðuneytis við undirbúning árangurssamnings.

Verklagsreglur og gæðahandbók.

Frá árinu 2004 hefur verið unnið markvisst að því að gera verklagsreglur fyrir ýmis verkferli. Nú eru rúmlega 20 verklagsreglur frágengnar og samþykktar og áfram er unnið að því að skilgreina hvaða reglur gilda um ákveðin störf.

Skjalasafnið

Búið hefur verið til skjalaflokkunarkerfi fyrir safnið og hófst notkun þess á árinu enda þótt ekki væri neinn skjalastjóri við safnið. Ákveðið var í árslok að ritari á skrifstofu landsbókavardar, muni taka yfir skjalastýringu í safninu, flokka erindi sem berast og koma þeim í réttan farveg enda þótt rafræn skjalaskráning bíði betri tíma.

Starfsmannafundur.

Í janúar var starfsmannafundur þar sem gerð var grein fyrir sparnaðartillögum og þær útskýrðar, sagt frá stöðu mála og framvindunni í því að ná böndum á fjárhagsvandræði safnsins. Annar fundur var haldinn í mars um verkefnaáætlanir safnsins og kynntu þá sviðsstjórar niðurstöður og samantekt á því sem fram hafði komið á fundum. Með þessum áætlunum hefur tekist að skapa meiri festu í starfsemi og menn eru almennt betur upplýstir um hvert stofnunin er að stefna.

Starfsmat

Í samræmi við ákvæði kjarasamninga við Félag háskólakennara frá 2001 var unnið starfsmat í safninu þar sem öll störf skyldu metin til stiga. Niðurstöður úr starfsmati safnsins lágu fyrir haustið 2004 og þá var starfsmatinu varpað yfir í launaflokka. Vörpunin leiddi til það mikilla launahækkana í safninu að þær voru safninu óviðráðanlegar innan fjárlagaramma safnsins. Fékkst heimild frá menntamálaráðuneyti til að greiða út launahækkarnar með því skilyrði að sparað yrði í

rekstrinum sambærileg upphæð. Var starfsmatið innleitt að fullu á árinu 2005.

Samningamál

24 aðildarfélög BHM gerðu sameiginlegan kjarasamning við ríkið 28. febrúar 2005 og var Félag háskólakennara eitt þeirra, en flestir háskólamenntaðir starfsmenn safnsins eru aðilar að því félagi. Einnig var gerður nýr stofnanasamningur milli Félags háskólakennara og Landsbókasafns og gildir hann til 1. maí 2006 er nýr stofnanasamningur tekur við. Aðrir starfsmenn safnsins eru einkum í Stéttarfélagi í almannajónustu (SFR) en ríkið samdi við SFR 9. mars 2005. Fyrri stofnanasamningur var framlengdur óbreyttur og gildir hann til 1. maí 2006 er nýr stofnanasamningur tekur við.

Fræðslufundir

Haustið 2005 efndi safnið til þriggja fræðslufunda fyrir starfsmenn safnsins sem voru jafnframt opnir fyrir almenning. Fyrsti fundurinn var haldinn 12. október og var efni hans „Stafrænt íslenskt þjóðbókasafn“. Á fundinum fór landsbókavörður yfir stefnu safnsins sem þekkingarveitu og gerði grein fyrir vinnu við verkefnaáætlun og framkvæmd stefnunnar. Síðan tók aðstoðarlandsbókavörður við og gerði grein fyrir þeim verkefnum sem falla undir stafrænt þjóðbókasafn og skýrði að hverju væri stefnt og hvaða verkefni væru í vinnslu núna. Loks var fundargestum boðið að skoða vinnslulínu safnsins þar sem stafræna endurgerðin er unnin. Á öðrum fundi sem haldinn var 9. nóvember sagði Þorleifur Jónsson frá dvöl sinni í rannsókarleyfi á Library of Congress og kallaði innlegg sitt „Fyrir þing og þjóð“. Ingibjörg Gísladóttir sagði frá kynnum sínum af smáprentsdeild Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn og hét hennar innlegg „Glæpsamlegt falsbréf, fregnmiðar og grafskriftir“. 7. desember var haldin bókakynning í samvinnu við Upplýsingu, Félag um bókasafna- og upplýsingamál. Þar komu fram Guðrún Mínervudóttir sem las úr bók sinni Yosoy, Helga Kristín Gunnarsdóttir las úr Fíásól í hosiló, Sjón las úr Argóarflísinni og Þórhallur Heimisson úr Hin mörgu andlit trúarbragðanna.

Síðanefnd

Innan safnsins starfar þriggja manna síðanefnd sem bundin er algjörum trúnaði. Í nefndinni sitja einn sviðstjóri, einn forstöðumaður og einn fulltrúi starfsmanna sem kosinn er úr þeirra hópi. Síðanefnd er skipuð til tveggja ára í senn og var umboð hennar framlengt á árinu. Starfsmannastjóri getur vísað málum til síðanefndar telji hann ástæðu til. Á árinu 2005 bárust síðanefnd engin mál.

Í vikulokin

Vikulegir pistlar undir nafninu Í vikulokin voru sendir út allt árið 2005 og urðu þeir alls 33 á árinu. Tilgangur pistlanna er sá að veita starfsmönnum og stjórn safnsins upplýsingar um það sem er að gerast á öllum sviðum safnsins og í hverjum fag- og þjónustuhópi. Allir stjórnendur og í raun allir starfsmenn safnsins

hafa þarna vettvang til að vekja athygli á einhverju sem til framfara horfir en landsbókavörður er ábyrgur fyrir samningu pistilsins.

Nýr vefur safnsins

Nýr vefur safnsins var opnaður 1. september. Hann hefur að geyma margvíslegar upplýsingar, annars vegar um safnið sjálft, hlutverk þess, fyrirkomulag og þjónustu, hins vegar um safnkostinn og aðgang að rafrænum gögnum. Vefurinn er unninn í vefumsjónarkerfinu Soloweb og Hadaya Design hannaði útlit hans.

Nýr vefur hvar.is

Nýr vefur hvar.is varð virkur 1. mars. Hadaya Design og Hugsmiðjan hönnuðu útlit hans. Nemendur í Upplýsingaleiðum II í HÍ gerðu notendaprófun með samþykki kennara.

Rannsóknarleyfi

Samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags háskólakennara er heimilt að veita starfsmönnum leyfi til framhaldsnáms eða rannsókna allt að tvo mánuði á fjögurra ára fresti. Ákveðin upphæð er á fjárlögum vegna rannsóknarleyfa starfsmanna í fjárhagslega sjálfstæðum stofnunum sem tengjast Háskóla Íslands. Alls sóttu fimm starfsmenn Landsbókasafns um rannsóknarleyfi í alls átta mánuði, en þrír fengu rannsóknarleyfi sem hér segir:

Sigrún Mareldóttir; einn mánuð til að kynna sér starfsemi skráningardeildar Konungsbókhöðunnar í Kaupmannahöfn og Konungsbókhöðunnar í Stokkhólmi.

Ragna Steinarsdóttir; einn mánuð til að kynna sér nafnmyndavinnu við Library of Congress og heimsækja söfn sem nota Aleph-bókasafnskerfið.

Örn Hrafnkelsson; einn mánuð til að kynna sér rafræna skráningu handritagagna og skipulag handritadeilda í Bandaríkjunum.

Galdranótt á Melum

Landsbókasafn tók þátt í Menningarnótt í þriðja sinn, en áður var safnið með 2002 og 2003. Samvinna var við Þjóðminjasafn Íslands um kynningarmál og barmmerki.

Þráðlaust net fyrir alla

Samningur var gerður við fyrirtækið HIVE um þráðlaust net í safninu. Aðgangur er opinn öllum og er ókeypis. Uppsetning þráðlausra senda í safninu er gerð í samvinnu við Reiknistofnun Háskóla Íslands sem á sendana en starfsmenn safnsins sjá um uppsetningu og umsýslu þeirra. Eftir þessar breytingar er þráðlaust netsamband á öllum almenningsrymum safnsins

Sjálfbóðaliðar

Margrét Kjartansdóttir hefur unnið sem sjálfbóðaliði í safninu við að fletta upp á ófullkomnum nafnmyndum í skráningargrunni Gegnis.

Nýr matreiðslumaður

Ægir Finnbogason tók við matreiðslu í mötuneytinu frá 1. mars en samið var við Matstofu Vesturbæjar um veitingar í húsinu. Ægir hefur komið með nýja tegund matreiðslu inn í húsið sem hefur vakið verðskuldaða ánægju.

Samstarf við aðrar stofnanir

Samstarf háskólabókavarda

Bókaverðir á háskólabókasöfnum landsins hittast reglulega til að ræða sameiginleg málefni. Alls eru þetta 12 aðilar frá 10 stofnunum, þ.e. frá Kennaraháskóla Íslands (2), Háskólanum á Akureyri (2), Háskólanum í Reykjavík, Listaháskólanum í Reykjavík, Landspítala-Háskólasjúkrahúsi, Tækniháskóla Íslands, Bifröst, Hvanneyri og Hólum auk landsbókavardar. Á árinu voru haldnir þrjár samráðs- og upplýsingafundir. Á fyrsta fundi 8. apríl kynnti Landsbókasafn tvö af verkefnum safnsins, þ.e. vefsöfnun og rafrænt þjóðbókasafn. 14. október var annar fundur þar sem málefnið var einkum landssamningar um rafræn tímarit og skipting á kostnaði á milli greiðenda. Þriðji fundur var svo 2. desember og var þá einkum rætt um landsaðgang að tímaritum, rafræna upplýsingaþjónustu og Skemmuna og Hlöðuna við Háskólann á Akureyri.

Samningur við Seðlabankann

Í janúar var athöfn í Seðlabanka Íslands þar sem undirritaður var samningur milli Seðlabankans og safnsins. Birgir Ísleifur Gunnarsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands og landsbókavörður, undirrituðu samning sem felur í sér að Seðlabanki Íslands afhendir safninu til varðveislu safn erlendra bóka, tímarita, hefta og blaða um Ísland og íslensk efni, einkum þjóðlíf og náttúrufar, og nokkur hundruð stakra mynda sem birst hafa í erlendum blöðum og bókum. Hér er meðal annars um að ræða ýmsar ferðabækur sem erlendir gestir hafa skrifað um ferðir sínar um Ísland í gegnum aldirnar. Ferðabækurnar munu verða hýstar í sérsafnarými þjóðdeildar.

Samskipti við Háskóla Íslands

Samstarfssamningur við Háskóla Íslands.

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns var undirritaður 2004 og voru fyrstu samráðsfundir samstarfsnefndar haldnir á árinu en í henni sitja Þórður Kristinsson framkvæmdastjóri akademískrar stjórnslu og Sigrún Klara Hannesdóttir, landsbókavörður. Til umræðu voru ýmis samskiptamál stofnananna svo sem afgreiðslutími safnsins, staða ritakaupamála, stefnumótun í málefnum útibúa, aðgangur annarra en nemenda HÍ að neti RHÍ svo dæmi séu tekin.

Háskólafundir

Landsbókavörður á sæti á háskólafundum og árið 2005 voru haldnir þrjár fundir. Í febrúar var m.a. rætt um gæði meistara- og doktorsnáms við HÍ. Í maí voru reifuð stefnumál Háskólans og niðurstöður stjórnsluúttektar Ríkisendurskoðunar. Í nóvember voru á dagskrá þrjár úttektarskýrslur sem unnar hafa verið um starfsemi Háskólans að undanfögnu og skýrsla sérstaks starfshóps rektors þar sem dregnar voru saman niðurstöður úr þremur úttektarskýrslum frá 2004 og 2005. Athygli vakti að bókasafn og heimildir eru ekki nefndar í neinni af þessum skýrslum sem undirstaða undir rannsóknir, framhaldsnám og doktorsnám.

Deiliskipulag á háskólalóðinni

Á árinu 2004 var safninu kynnt tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir háskólasvæðið vestan Suðurgötu. Gerð var athugasemd við byggingarreittinn og í bréfi frá Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 1.3.2005 er fallist á óskir safnsins um aukið byggingarmagn væntanlegrar viðbyggingar við safnið, þ.e. í stað 2.146 fermetra í upphaflegri tillögu er nú gert ráð fyrir 5000 fermetrum, nýtingarhlutfall er hækkað og byggingarreitur stækkaður.

Erlend samskipti

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hittast að jafnaði tvisvar á ári til að ræða sameiginleg hagsmunamál. Þátttakendur eru yfirleitt átta talsins, fimm þjóðbókaverðir (Færeyjar og Grænland hafa ekki verið með) og forstöðumenn þeirra þriggja embætta sem sinna bókasafnamálum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Árið 2005 voru haldnir þrjár fundir. Í apríl var haldinn fundur í Helsinki. Aðalmálið var einkum staðan í viðræðum við Norrænu ráðherra-nefndina um verkefnafé til norrænnar samvinnu á vegum rannsóknarbókasafna. Einnig var rætt um þátttöku norrænu þjóðbókasafnanna í alþjóðlegum samtökum á borð við IFLA, CENL, CDNL, CERL, LIBER, Bibliotheca Baltica og Eblida. Annar fundur var haldinn í Osló í tengslum við IFLA-þingið og var m.a. boðið til mikillar veislu í tilefni þess að verið var að opna endurgert þjóðbókasafn Norðmanna. Var rætt um stöðu NORDBIB/NORON en eftir að NORDINFO var lagt niður hefur verið rætt um að NORON taki að sér að stýra verkefnum sem fjármögnum verða að hluta fyrir norrænt fé. Þriðji fundur var haldinn í Osló 1. nóvember. Mál á dagskrá voru einkum: stefnumótun varðandi stafræna eftirgerð af menningarefni, NORON/NORDBIB þar sem hvorki gengur né rekur, og Finnland hafði framsögu varðandi gædamál sem eru ofarlega á baugi hjá öllum háskólum þar í landi. Öryggismál hafa einnig verið í brennidepli eftir að norræn bókasöfn hafa orðið fyrir barðinu á bíræfnum bókaþjófum sem hafa valdið söfnunum tjóni upp á stórar fjárupphæðir. Ákveðið að hafa norrænt námskeið á næsta ári um öryggismál bæði fyrir

stjórnendur og fyrir öryggismálastjóra í söfnunum fimm.

CDNL – CONFERENCE OF DIRECTORS OF NATIONAL LIBRARIES


Árlegur fundur þessara samtaka var haldinn í Oslo í tengslum við þing IFLA- Alþjóðlegu bókasafnasamtakanna. Sá fundur fór mest í skýrslur en á dagskrá var þó fræðslufundur þar sem m.a. var erindi Þorsteins Hallgrímssonar um IICP og starf þessarar alþjóðlegu nefndar um stjórnun á Netinu.

CENL - CONFERENCE OF EUROPEAN NATIONAL LIBRARIANS

Árlegur fundur var haldinn í september. Helstu mál fundarins voru langtímavarðveisla rafræna gagna, vefsöfnun, árangursmat á störfum landsbókasafna (performance evaluation) og TEL, The European Library sem stefnir að samnýtingu bókakosts allra Evrópulanda.

Nú eru níu landsbókasöfn í Evrópu fullir þátttakendur í TEL og teljast þau hafa 142 safndeildir eða „collections“ aðgengilegar í þessu nýja vefbókasafni. Til viðbótar við TEL er verið að vinna að samnýtingu bókakosts nýju Evrópu-sambandsríkjanna og er það verkefni rekið undir heitinu TELMEMOR. Í því verkefni eru 16 söfn og er Die Deutsche Bibliothek samhæfingaraðili. Rætt var um stafræna endurgerð af evrópskum menningararfi, og einnig vakti athygli samskipti við Evrópuráðið og áhugi á samstarfi á báða bóga. Lögð voru fram drög að ályktun um stafræna endurgerð evrópsk menningararfs (CENL Resolution on Digitisation of European Cultural Heritage) sem send var til skoðunar til allra evrópskra landsbókasafna.

Skipurit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í árslok 2005





Rekstrarsvið

Rekstrarsvið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfmannamálum, almennu skrifstofuhaldi, upplýsingatækni, rekstri húss og lóðar og samningum um rekstur mótuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í lok ársins var fjöldi starfsmanna 16 í 14,9 stöðugildum.

Fjármál

Rekstrar- og efnahagsreikningur 2005 liggur ekki fyrir en staðan við lokagerð ársskýrslunnar er birt í töflu 14, og í töflu 13 kemur fram skipting rekstrargjalda milli launa, ritakaupa og annarra gjalda. Undanfarin ár hafa verið erfið í rekstri safnsins og gert er ráð fyrir að rekstrarhalli ársins verði um 25 milljónir króna og stafar hann af uppgjöri vegna starfs- og hæfnismats og auknum launagreiðslum vegna þess og því að ritakaup fyrir Háskóla Íslands eru talsvert fram yfir það fé sem háskólinn hefur lagt safninu til. Áætlað er að uppsafnaður halli í árslok verði um 58 milljónir króna. Gerð hefur verið áætlun um að ná þeim halla niður á árunum 2006 til 2008.

Sjóðir og framlög

Þjóðhátíðarsjóður



Þjóðhátíðarsjóður veitti kr. 150.000 til viðgerðar á handritinu LBS 1235 8vo Evangeliae Pistlar og Collectur, guðsspjallabók frá því um 1600.

Í tilefni af heimsókn menntamálaráðherra til Winnipeg lagði menntamálaráðuneyti 2,5 milljónir króna til stafrænnar endurgerðar á vestur-heimsblöðunum Lögbergi og Heimskringlu.

Starfsmenn

Fjöldi starfsmanna safnsins er talsvert breytilegur því á vetraropnunartíma eru ávallt ráðnir starfsmenn

tímabundið til að sinna kvöld- og helgarvöktum. Í árslok voru starfsmenn alls 97 í 88,1 stöðugildi. Konur eru í miklum meirihluta, þ.e. 67%. Meðalaldur starfsmanna í árslok var 49,8 ár.



Upplýsingatækni

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar og innleiðir upplýsingatækniverkefni í safninu. Verkefni eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, einkum þjóðbókasöfn Norðurlanda. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á árinu samanber eftirfarandi lista yfir helstu verkefni. Sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu nokkurn tíma. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrir en þau eru lögð af, því

eftir innleiðingu hefst viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við nýjum verkþáttum.

Vefsöfnun

Þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu voru framkvæmdar á árinu. Sú fyrsta var í mars en upp komu tæknilegir örðugleikar og söfnuðust alls um 14,5 milljónir skjala og um 729 GB af gögnum. Betur gekk með safnanir sem framkvæmdar voru í lok júní og byrjun nóvember. Úr hvorri fyrir sig söfnuðust rétt liðlega 30 milljónir skjala og um 1.25 TB (terabæt) af gögnum og teljast það vera mjög góðar heimtur. Stefnt er að því að safna í framtíðinni öllu íslensku efni á veraldarvefnum þrisvar á ári. Stærsta úrlausnarefnið er að ná til íslensks efnis utan .is þjóðarlénsins. Einnig var unnið að innleiðingu samfelldrar vefsöfnunar. Þar munu valdir vefir vera í sífelldri, sjálfaðlagandi söfnun sem nær betur öllum þeim hreyfingum sem verða frá degi til dags. Stefnt er að því að slíkar safnanir verði komnar í gang 2006.

Aðgangur að vefsafni

Frá því að tilraunir með vefsöfnun hófust hefur verið stefnt að því að gera vefsafnið aðgengilegt. Það hefur reynst torsótt því hugbúnaðurinn sem ætlaður var til þess að gera efnisyfirlit fyrir textaleit í safninu hefur ekki reynst fullnægjandi, m.a. vegna sívaxandi stærðar safnsins. Unnið er að þróun hugbúnaðarins og verður fylgst með erlendri þróun og nýr hugbúnaður tekinn í notkun um leið og hann er tilbúinn.

Tímarit og blöð – VESTNORD

Unnið hefur verið að því að bæta textaleitarviðmót vefsins tímarit.is. Einnig hefur hugbúnaður fyrir ljóskennsl (Optical Character Recognition), sem ljósles og býr til tölvutækan texta stafrænna mynda, verið uppfærður. Prófanir sýndu að nýrri útgáfa gaf umtalsvert betri árangur og verður allt efnið endurlesið. Stefnt er að því að á árinu 2006 verði búið að ljóslesa allt myndað efni.

Bréfaskráning

Þróaður var gagnagrunnur fyrir bréfasöfn ásamt skráningarviðmóti fyrir hann og forrit sem búa til og vinna með XML skjöl upp úr honum, byggð á EAD staðli. Einnig var búinn til mannanafnagrunnur með um 16.000 nöfnum sem lesin voru úr textaskjöllum.

Íslensk útgáfuskrá

Lögboðið er að safnið skuli gefa út Íslenska bókaskrá og kom hún síðast út á prenti árið 2003 fyrir árið 2001. Ákveðið er að framvegis verði eingöngu um vefaðgang að ræða. Verkefnið var skilgreint og lagður grunnur að útliti og virkni nýs vefjar sem mun bera heitið *Íslensk útgáfuskrá* þar sem vefurinn nær yfir breiðara efni en bækur. Stefnt er að því að opna vefinn um mitt ár 2006.

Viðskiptagrunnur tímarita

Viðskiptagrunnur tímarita gefur starfsmönnum yfirsýn yfir tímaritakaup safnsins. Tímarit eru keypt af

mörgum aðilum og ýmis dreifingarfyrtæki bjóða upp á tilboðspakka sem stundum innihalda sömu ritin. Viðskiptagrunnurinn á að geta á fljótlegan hátt sýnt starfsmönnum hvort ákveðin tímarit séu þegar keypt inn. Þá greiða margir aðilar fyrir aðgang að tímaritum og viðskiptagrunnurinn einfaldar mjög yfirsýn yfir það.

Grafskriftir

Lokaverkefni Ásdísar Paulsdóttur nema í bókasafnsfræði fjallaði um grafskriftir sem gefnar voru út í kringum seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Búið var til umsjónarkerfi sem auðveldar innslátt gagna og upphleðslu mynda til framtíðarbirtingar. Gagnainnslætti er enn ólokið en hugbúnaðurinn er tilbúinn.

Hvar.is

Nýr vefur hvar.is var opnaður í janúar. Útlit vefjarins var endurnýjað (sjá bls.8) en upplýsingatæknihópur setti upp umsjónarkerfi fyrir vefinn.

Tölvuþjónusta

Hlutverk einingarinnar er að sjá um að tölvur og tölvukerfi safnsins séu í góðu lagi, þannig að starfsmenn geti sem best stundað sína vinnu og að safngestir fái sem besta þjónustu. Tölvukerfi safnsins hefur vaxið töluvert á undanförunum árum og stöðugt þarf að endurnýja tölvubúnað og á árinu var skipt út öllum tölvum starfsmanna. Einnig var mikil endurnýjun á netþjónum og stýrikerfum þeirra og má segja að kynslóðaskipti hafi orðið. Til að auka rekstraröryggi miðlægs búnaðar voru gerðar miklar endurbætur á vélasal, nýtt kælikerfi sett upp ásamt nýjum skápum fyrir vélbúnað og er það mikil bót. Vefsöfnun og stafræn endurgerð safnefnis kallar á mikinn tölvubúnað sem halda þarf við og gífurlegt geymslupláss á seguldiskum og –böndum. Sérstök vél fyrir afritun á segulbönd var sett upp og diskastæður endurnýjaðar og rúma þær nú um 11 Terabæt, en alls eru 16 tölvuþjónar í safninu ásamt 200 útstöðvum, 25 prenturum og netbúnaði. Beiðnum notenda um þjónustu fækkaði talsvert frá fyrra ári og er það jákvæð þróun. Líkleg orsök er að tölvukerfi eru stöðugri, starfsfólk safnsins meira sjálfbjarga og að tölvuþjónusta reynir að vera meira ósýnileg en jafnframt betri.

Rekstur húss og lóðar

Hússtjórn sér um viðhald og rekstur húsnæðis safnsins, þ.e. Þjóðarbókhöðunnar, varaéintaksafns í Reykholti og geymslusafns í Mjódd, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn svo sem umsjón með ljósritunarvélum og ljósritun.

Framkvæmdir

Lítið var um nýframkvæmdir á árinu en nýtt kælikerfi var sett upp fyrir tölvuherbergi í kjallara og varaafgjafi fyrir hússtjórnartölvu var endurnýjaður. Helstu viðhaldsverkefni tengdust loftræsikerfi,

nýjum lagnaleiðum og því að skipt var um perur í loftabólum á öllum hæðum. Nokkrar starfseiningar fluttust til á árinu; íslensk skráning frá 1. hæð á 2. hæð, tölvuþjónusta af 2. hæð á 1. hæð og herbergi sem tölvuþjónusta var í var skipt með millivegg og gert að tveim skrifstofum. Endurnýjaðar voru þrjár ljósritunarvélar á árinu, tvær fyrir 3. hæð og ein í húsumsjón. Komid er að endurnýjun á hústjórntölvu og tengingum hústjórnnarkerfa við hana. Raftæknistofunni var falið að kanna það og koma með tillögur að lausn.

Þrif

Ræsting var með hefðbundnum hætti. Breyting sem gerð var 2004 á samningi um ræstingu skilaði sér í lækkun kostnaðar án þess að það kæmi fram á gæðum. Helsta sérverkefni var að húsið var þrifið að utan og teppi voru hreinsuð eins og undanfarin ár.

Ýmislegt

Að vanda var fyrsta starfsdegi ársins varið í prófun öryggiskerfa og annað því tengt.

Lóð

Umhirða lóðar var með sama hætti og undanfarin ár. Miklar skemmdir eru á grasi vegna þess að bifreiðum er lagt þar sem hægt er að koma því við, á gangstéttum og grasflötum.

Mjódd

Settir voru upp tveir hillurekkar og milligólf og farið var í átak við að fara yfir efni og flokka. Ákveðið var að leigja út hluta rýmisins og var settur upp veggur til að skilja á milli. Undirritaður var leigusamningur við O. Johnson & Kaaber og tóku þeir við húsnæðinu 15. október.

Varaeintakasafn í Reykholti

Lítið var um efndir á framkvæmdum sem til stóð að fara í á árinu. Þó var ný útihurð sett í á haustmánuðum en ákveðið var að fresta ísetningu nýrra glugga. Menntamálaráðuneytið fékk ISOR til að gera jarðfræðilega úttekt vegna raka undir kjallaragólfi. Tekin var ákvörðun um að ekki yrði sent meira efni í Reykholt fyrir en að fengnum niðurstöðum. Til stóð að setja upp hillur á 2. hæð en þar kom í ljós raki frá þaki og var því frestað um óákveðin tíma.



Varðveislusvið

Varðveislusvið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. öllu útgefnu íslensku efni nema kvikmyndum og útvarps- og sjónvarpsefni, og handritum sem ekki eru hluti af íslenskri stjórnsýslu. Veita skal eins greiðan aðgang að þessu efni og unnt er og hefur sviðið umsjón með skráningu gagnanna, útlánum á lestrarsal, ásamt annarri þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Sviðið skiptist í handritadeild og þjóðdeild. Í lok ársins voru starfsmenn sviðsins 45 í 39,5 stöðugildum. Í handritadeild voru 7 starfsmenn í 6,8 stöðugildum og í þjóðdeild voru 36 starfsmenn í 32,7 stöðugildum.

Handritadeild

Skráning

Meginhlutverk handritadeildar er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Deildin sér til þess að sem tryggilegast sé búið um þennan safnkost og greiðir fyrir notkun hans, m.a. með útgáfu handritaskráa og með því að færa handrit á aðra miðla eftir þörfum. Jafnframt annast deildin kynningu á handritum og þjónustu við safngesti. Pálmi Gautur



Sverrisson vann innan deildarinnar í þrjá mánuði að nýsköpunarsjóðsverkefni „Íslenskt handritablek – uppruni, samsetning og samanburður“, sem handritadeild var aðili að í samstarfi við forvörð safnsins.

Stjórnmalasögusafn

Styrkur frá Alþingi var notaður til að fullgera skráningarkerfi fyrir handrita- og skjalagögn og er það notað við skráningu á bréfasöfnum. Fyrir liggur að gera nokkrar viðbætur og miða þær helst að því að hægt verði að skrá aðra efnisflokkka en bréfaskipti, t.d. handrit og önnur gögn.

Handritasafn Halldórs Laxness

Hafin er skráning á bréfasafni Halldórs Laxness og nú hafa verið skráð 6.770 bréf frá 3.047 bréfiturum. Bréfasafnið er í u.þ.b. 160 öskjum og handritasafnið í 250 öskjum.

Handritasafn Gunnars Gunnarssonar

Á miðju ári hófst skráning á safni Gunnars Gunnarssonar sem skipt er í þrjá meginflokkka: sendibréf, handrit að skáldsögum og annað. Öskjur með skráðum bréfum eru 54 og öskjur með óskráðum bréfum eru um fimm. Handrit að skáldsögum hafa verið tekin úr kössum og flutt í öskjur. Öskjur með handritum eru nú 169 en auk þeirra eru ýmis brot, sem hafa leynst meðal annarra gagna og á eftir að sameina þessum handritum. Í flokknum annað eru um 50 öskjur. Farið hefur verið gegnum þetta efni til að fá heildarsýn yfir það sem í þeim leynist og gerð drög að flokkun efnisins.

Ýmis skráningarverkefni

Áfram var unnið að skráningu á ýmsum bréfasöfnum og nokkur söfn voru efnisflokkðuð og undirbúin fyrir ítarskráningu. Skerpt hefur verið á vinnulagi við aðfangaskráningu og stefnt er að fullnaðarskráningu á gögnum um leið og þau berast.

Handbókasafn

Lokið var skráningu á handbókasafni handritadeildar sem er tvískipt. Annars vegar handbókasafn starfsmanna og þá gesta. Þessi vinna hefur verið leyst í samstarfi við þjóðdeild. Næstu skref er að virkja gesti deildarinnar enn frekar við val á handbókum á lestrarsali varðveislusviðs.

Rafræn skráning

Skráningarkerfi fyrir bréfasöfn var tekið í notkun (sjá stjórnmalasögusafn) og var það unnið í samstarfi við upplýsingatæknihóp. Við uppbyggingu á kerfinu og högun gagna er stuðst við skjalaskráningarstaðla og af þeim sökum var gerð lausleg þýðing á höfuðstaðli við lýsingu og skráningu skjalasafna – ISAD(G) – í samstarfi við Skjalasafn Háskóla Íslands. Kerfið verður notað við skráningu og lýsingu á bréfa- og skjalasöfnum og til að fullskrá þau handrita- og skjalasöfn sem eru næstum fullskráð og verða þær upplýsingar birtar á vef safnsins.

Geymslur

Enn frekar hefur verið unnið að tiltektum í geymslum handritadeildar og nú er í notkun 2. útg. af Skrá yfir staðsetningu handritagagna.

Myndataka og önnur afritun

Gestir sem óska eftir afritum af handritum fá afrit sem stafrænar myndir á geisladiskum. Handritin má síðar gera aðgengileg á Netinu. Á árinu voru mynduð 27 handrit úr söfnum deildarinnar, samtals 6.852 blaðsíður. Myndastofa safnsins sér um afgreiðslu á myndbeiðnum.

Gjafir

Öld frá fæðingu dr. Björns Sigfússonar (1905-1991)

Hinn 17. janúar var liðin öld frá fæðingu dr. Björns Sigfússonar fyrrverandi háskólabókavardar. Af því tilefni bauð Landsbókasafn til athafnar í safninu. Við þetta tækifæri afhenti Ólafur Grímur Björnsson safninu formlega handrit föður síns.

Bréfa og skjalasafn Einars Olgeirssonar

Í byrjun nóvember afhenti Sólveig Kr. Einarsdóttir handritadeild safnsins til eignar og varðveislur bréfa- og skjalasafn föður síns, Einars Olgeirssonar alþingismanns. Safnið hefur að geyma tæplega 400 bréf. Bréfin spanna mestallt tímabilið frá árunum 1921 til 1991.

Bókagjöf Alfred Harris og Grace Gredys Harris

Föstudaginn 11. nóvember afhenti Sigríður Dúna Kristmundsdóttir prófessor formlega bókagjöf hjónanna Alfred Harris og Grace Gredys Harris prófessora í mannfræði við háskólann í Rochester í New York fylki í Bandaríkjunum. Um er að ræða gott safn rita í mannfræði eða alls um 3.400 titla og eru mörg þessara rita nú ófánleg nema á söfnum. Í gjöfinni eru helstu höfuðrit mannfræðinnar.

Félagatal Kommúnistaflokks Íslands

Þann 25. nóvember afhenti Kjartan Ólafsson handritadeild félagatal Kommúnistaflokks Íslands. Handritið er merkilegt fyrir þá sök að það hefur að geyma nöfn allra eða nær allra félagsmanna en það mun vera einstakt í heiminum að skrá með slíkum upplýsingum kommúnistaflokks hafi varðveist.

Kommúnistaflokkur Íslands var starfandi á árabílinu 1930 til 1938.

Menning og miðlun

Hlutverk einingarinnar er að sjá um kynningar, sýningar og útgáfumál safnsins.

Sýning í forsal þjóðdeildar í tilefni 30 ára afmælis Kvennasögusafns Íslands 1975 - 2005

Sýningin var opnuð í byrjun janúar en Kvennasögusafn var stofnað hinn 1. janúar 1975 og var það jafnframt fyrsta opinbera aðgerð kvenna á kvennaári Sameinuðu þjóðanna.

Eitt hundrað ára ártíð Íslandsvinarins Daniels Willards Fiske

Í tilefni af 100 ára ártíð Íslandsvinarins Daniels Willards Fiske var haldin sýning um hann í safninu og boðið til fjölteflis í fyrirlestrarsal safnsins miðviku-daginn 26. janúar. Helgi Ólafsson stórmeistari tefldi fjöltefli við gesti.

Menning og meinsemdir: rýnt í bein, farsóttir, lækisfræði og lýðsögu Íslendinga

Hinn 15. febrúar 2005 var liðin öld frá fæðingu Jóns Steffensen prófessors við læknaeild Háskóla Íslands og var af því tilefni efnt til sýningar og málþings til heiðurs honum og konu hans Kristínu Björnsdóttur. Sýningin var opnuð föstudaginn 18. febrúar en málþingið var 18. og 19. febrúar. Sýningin var unnin í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og lánaði það gripi sem tengjast mannfræðirannsóknum Jóns. Veglegur bæklingur fylgdi sýningunni.

Meðan þú sefur

Frá 25. febrúar til 1. apríl var haldin myndlistasýning á verkum listakonunnar Önu Theosdóttur sem birtust í barnabókinni *Meðan þú sefur* árið 2003. Sýningin var sölusýning.

Japönsk bókmenntaverk frá upphafi 8. aldar og allt til 20. aldar

Sýning á þessum verkum var opnuð föstudaginn 8. apríl. Japönsk hjón, Eiko og Goro Murase, sem eru kennarar á eftirlaunum, hafa hrifist mjög af fegurð Íslands og viðmóti fólksins og ákváðu þau að gefa japönskuskor í hugvísindadeild Háskóla Íslands vandaðar og fallegar endurgerðir af japönskum bókum, bæði klassísk og nútíma bókmenntaverk sem varðveitt verða í safninu. Markmið gjafarinnar er að efla áhuga ungra íslenskra námsmanna á japanskri tungu og menningu.

Tvær „fagarar sálir“. Jóhann Jónsson — sögubrot úr ævi skálds og Áróð frá vaknandi stund, Sigríður Jónsdóttir móðir Nonna

Föstudaginn 6. maí voru opnaðar í safninu tvær áhugaverðar gestasýningar um Jóhann Jónsson, skáld frá Ólafsvík og Sigríði Jónsdóttur frá Vogum móður Nonna (Jóns Sveinssonar rithöfundar). Sýningin *Jóhann*

Jónsson — sögubrot úr ævi skálds kom frá Bygðasafni Snæfellinga og Hnappdæla. Zontaklúbbur Akureyrar stóð að sýningunni *Áróð frá vaknandi stund*. Sýningar-nar stóðu til 1. október.

Forn Íslandskort og ferðabækur

Í maí var sett upp sýning í forsal þjóðdeildar er bar yfirskriftina *Forn Íslandskort og ferðabækur*. Auk ýmissa fágætra Íslandskorta voru sýndar ferðabækur Mackenzie, Hooker, Anderson og Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar.

Brynjólfur Sveinsson og 17. öldin í sögu Íslendinga

Í tilefni af því að 400 ár voru liðin frá fæðingu Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups var haldin ráðstefna og sýning helguð honum. Sýningin stóð út árið en ráðstefnan hófst í Þjóðarbókhöllu þann 16. september og var fram haldið í Skálholti 17. og 18. september. Fjölmarginir aðilar stóðu að sýningunni og ráðstefnunni í samvinnu við Landsbókasafn. Veglegur bæklingur fylgdi sýningunni.

Bessastaðaskóli 1805 - 2005

Hinn 19. október var opnuð í forsal þjóðdeildar sýning um Bessastaðaskóla en árið 2005 voru liðin 200 ár frá stofnun hans. Á sýningunni voru fágætisbækur sem komu frá skólasafni Lærða skóla.


Spil og leikir

Á aðventu var haldin í forsal þjóðdeildar sýning á jóla-efni sem þar er varðveitt.

Útgáfa

Ritmennt 9. Ársrit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Í nóvember kom Ritmennt 9 út. Frá upphafi hefur það verið stefna útgefenda að Ritmennt væri allhliða menningarrit um íslensk efni þar sem birtar væru hvers konar fræðilegar ritgerðir eða greinar og skrár á þessum vettvangi, sem og óbirtar heimildir úr handritaerfi þjóðarinnar með hefðbundnum skýringum. Ritstjóri var Ögmundur Helgason en í ritnefnd voru Áslaug Agnarsdóttir, Emilía Sigmarsdóttir og Þorleifur Jónsson.





Þjóðdeild

Meginhlutverk þjóðdeildar er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, skrá þau, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, svo og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Enn fremur er ISBN skrifstofan á Íslandi á vegum þjóðdeildar. Starfsemi deildarinnar fer fram innan sex eininga sem eru: skylduskil; skráning, lyklu og flokkun íslensks efnis; þjónusta og umönnun efnis; sérsöfn; bókbænd og forvarsla; myndastofa.

Skylduskil

Í skylduskilum er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýrra íslenskra rita samkvæmt lögum um skylduskil. Enn fremur er unnið að frágangi og innskráningu þessa efnis og eldra efnis sem berst og reynt að fylla inn í vantanir. Unnið var að því að leysa þau forgangsverkefni sem sett voru fram í verkefnaáætlun varðveislusviðs á árinu og ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt. Mótuð var stefna um samfellda vefsíðusöfnun og valin um 40 vefsetur til söfnunar. Auk lögbundinna skylduskila hefur nú sem endranær verið unnið úr gjöfum sem borist hafa og efni fengið frá söfnurum til að fylla í eyður.

Erlent efni um Ísland

Þjóðdeild ber að hafa uppi á og afla prentaðs efnis og hljóðrita sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga. Oftast þarf að kaupa efnið en einnig berst safninu og þjóðdeild sérstaklega nokkuð af gjöfum.

Alþjóðlegt bóknúmer (ISBN)

Heildarfjöldi forlagstalna er nú um 840 og bættust 58 við á árinu. Ekki eru öll forlög starfandi en sum hafa fengið fleiri en eina forlagstölu. Heildarfjöldi einstaklinga með stakt ISBN númer er um 1100 og bættust 94 við á árinu. Breytingar verða á ISBN númerakerfinu 1. janúar 2007. Þá falla 10 stafa númer úr gildi en við taka 13 stafa ISBN númer, samhljóða EAN 13 vörunúmerunum. Kynningartexti um breytingarnar var settur á vef safnsins og Félagi bókaútgefenda voru sendir kynningartextar. Alþjóðskrifstofan hefur verið einkavædd og miðast

aðildargjald nú við þjóðartekjur á mann. ISBN umboðsskrifstofan á Íslandi flyst 1. janúar 2006 frá skylduskilum til tímaritahalds og verður þar sameinuð ISSN skrifstofunni.

Íslensk skráning, lyklu og flokkun

Einingin skráir í Gegni efni sem berst í skylduskilum, þ.e. bækur og bæklinga, hljóðrit, myndefni, tölvugögn og hljóðbækur. Ennfremur eru skráðar greinar úr tímaritum og bókum og efni gefið út erlendis sem varðar Ísland eða er eftir Íslendinga. Stöðugt var unnið við sameiningu og leiðréttingu færslna í Gegni, bæði skv. ábendingum og að frumkvæði skrásetjara. Gert var átak í skráningu hljóðrita og í árslok hafði tekist að saxa verulega á hala sem myndast höfðu undanfarin ár. Starfsmenn safnsins sáu um nokkur námskeið um skráningu í Gegni í samvinnu við Landskerfi bókasafna. Handbók skrásetjara á vef (<http://hask.bok.hi.is/>) var opnuð 13. maí og sáu starfsmenn Landsbókasafns um uppsetningu og hönnun á vefnum.

Nafnmyndagrunnur

Unnið var að uppbyggingu nafnmyndagrunns Gegnis, þ.e. hugmyndavinnu, ákvörðun innihalds og yfirfærslu nafnmynda í samstarfsverkefni á vegum Landskerfis bókasafna. Ný nafnmyndaskrá leit dagsins ljós 27. desember.

Forskráning íslenskra rita

Unnið var að tilraunaverkefni um forskráningu bóka eftir Íslenskum bókatíðindum 2005, en dagana 19.–24. október voru forskráðar um 350 bækur Þannig er tryggt að til sé skráningarfærsla til tengingar fyrir söfn sem ekki hafa skrásetjara á sínum snærum, einkum smærri söfn.

Greiniskráning

Greiniskráning tímarita var endurskoðuð og var tímaritum skipt á milli safna að beiðni skráningarráðs. Ekki hafa öll söfn staðið við sinn hlut og ljóst að Landsbókasafn hefur ekki bolmagn til að greiniskrá nema valin tímarit. Því hafa myndast eyður í greiniskráninguna sem torvelt verður að vinna upp.

Efnisorð

Unnið var að samræmingu efnisorða úr gamla Gegni og Feng og teknar ákvarðanir um tilvísanir og breytingar á Kerfisbundnum efnisorðalykli sem hægt var að virkja þegar nafnmyndaskrá var opnuð í lok árs. Í tengslum við það stóð efnisorðaráð fyrir námskeiði í lyklu 25.–27. maí og fékk Lois Mai Chan, einn helsta sérfræðing Bandaríkjanna á þessu sviði, til að halda fyrirlestra, en meðlimir ráðsins héldu einnig fyrirlestra og stýrðu umræðum. Skipaður var efnisorðahópur í tónlist og eru þátttakendur úr aðildarsöfnum Gegnis.

Íslensk útgáfuskrá

Hafin var vinna við gerð Íslenskrar útgáfuskrár sem tekur við af Íslenskri bókaskrá og mun hún birtast á vefnum www.utgafuskra.is. Starfsmenn skráningar sjá

um ráðgjöf varðandi innihald og forsögn um útdrátt gagna úr Gegni en upplýsingateknihópur sér um gerð flokkaðs yfirlits, forritun og uppsetningu vefsins.

Þjónusta og umönnun efnis

Þjónusta sem byggist á ritakosti þjóðdeildar og handritadeildar er veitt í forsal deildarinnar; þar eru sótt rit fyrir notendur til lestrar og veittar upplýsingar. Enn fremur er fylgt eftir að staðsetning rita sé rétt og að umbúnaður sé fullnægjandi frá varðveislusjónarmiði. Farið var yfir skráningu rita sem útgefin voru fyrir 1844 og enn fremur gamalt efni og gjafir. Áfram var fært inn í skrá yfir þá er ljúka doktorsprófi við Háskóla Íslands eða erlenda háskóla og stendur til að birta skrána á Netinu á árinu 2006. Í bókastofu Þjóðmenningarhúss stóð þjóðdeild að eftirtöldum sýningum í samstarfi við Skólavefinn ehf. og Þjóðmenningarhúsið undir yfirskriftinni *Skáld mánaðarins*: sýning á verkum Jóhanns Hjálmarssonar (6. nóvember 2004–19. janúar 2005) og Skáldið frá Fagra-skógi, Davíð Stefánsson (21. janúar – 16. mars).

Varaeintakasafn

Varaeintakasafn þjóðdeildar er varðveitt í Reykholti og þar er unnið að móttöku varaeintaka og frágangi. Ekki hefur verið einfalt að ganga frá efninu vegna skorts á hillum og enn hefur ekki náðst að gera húsnæði varaeintakasafns þannig úr garði að öruggt sé, og hefur það haft þau áhrif að ekkert efni var flutt í Reykholt á árinu.

Sérsöfn

Gerður var samningur við Seðlabanka Íslands um varðveislu á ferðabókasafni bankans sem sérsafns í Landsbókasafni. Landmælingar Íslands afhentu safninu til frjálsra afnota eintak af Kortabrunni sínum en það er gagnagrunnur sem inniheldur skrá yfir kort í eigu Landmælinga Íslands. Daga 18.–19. febrúar var haldin ráðstefna í aldarminningu Jóns Steffensens, og áttu sérsöfn aðild að undirbúningi hennar.



Tón- og myndsafn

er eitt af sérsöfnum þjóðdeildar og safnar það, varðveitir og veitir aðgang að öllu útgefnu íslensku tónlistarefni, myndböndum og mynddiskum. Þar er enn fremur aðstæða til að hlusta á og skoða tón- og myndefni sem notað er við kennslu í Háskóla Íslands og lána það út eftir þörfum. Áhorf og hlustun á efni var svipað og á fyrra ári og gestum og fyrirspurnum fjölgaði. Útlán fara hins vegar minnkandi. Átak var gert í að skrá hljóðrit um leið og þau berast og er stefnt að því að vinna upp hala á næsta ári. Enn stendur mikið eftir óskráð af eldra efni og mikið af bókfræðifærslum í Gegni sem þarfnast endurskoðunar.

Bókband og forvarsla

Markmið forvörslu er að tryggja framtíðarvarðveislu safnkostsins á sem vandaðastan og hagkvæmastan hátt. Hlutverk bókbandsstofu er að annast bókband og annan frágang rita til notkunar og/eða varðveislu í safninu. Bókbandsstofa sér einnig um viðhald og viðgerðir á prentuðum síðari tíma ritum. Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Varðveislustjóri er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakosts í safninu. Nokkur handrit voru lagfærð og önnur fengu nýjan umbúnað og lokið var við að ganga frá skinnblaðasafni handritadeildar. Haldið var áfram könnun á ástandi handritagagna sem hafin var árið 2004, og sú nýbreytni tekin upp að við móttöku nýrra aðfanga í handritadeild er ástand þeirra metið af forverði áður en flokkun og skráningarfyrirganga hefst. Í ársbyrjun fóru tveir starfsmenn á námskeið í viðgerðum á bókbandi sem skipulagt var í samvinnu við forvörsludeild sænska þjóðskjalasafnsins (Riksarkivet) í Stokkhólmi. Markmiðið var að þjálfa bókbindara Landsbókasafns í viðgerðum á eldri gerðum bókbands með höfuðáherslu á skinnband frá 17. og 18. öld. Fyrri hluti námskeiðisins fór fram í Stokkhómi dagana 31. maí–8. júní. Áætlað er að síðari hlutinn verði haldinn 2006, en þá mun bókbindari frá Svíþjóð sækja safnið heim. Tveir starfsmenn voru ráðnir í hálfstarf í nokkra mánuði með aðstoð frá Atvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins til að vinna við stífangar á bókarkiljum og annan frágang rita.

Myndastofa

Í myndastofu er unnið að örfilmun blaða, flutningi blaða, tímarita og annars efnis á stafrænt form, myndatöku að beiðni notenda safnsins og myndatöku vegna sýninga og ýmissa atburða í safninu. Megináhersla var lögð á stafræna myndun Morgunblaðsins en einnig voru blöðin Lögberg (1888–1959) og Heimskringla (1886–1958) mynduð. Auk þess voru mynduð blöð og tímarit frá Færeyjum sem þáttur í sérstöku samstarfsverkefni. Allt árið 2005 af Morgunblaðinu, Fréttablaðinu, DV og Blaðinu var myndað á örfilmu. .



Þjónustusvið

Þjónustusvið ber ábyrgð á allri almennri notendabjónustu fyrir háskólasamfélagið og aðra sem þurfa að nýta sér heimildir, bæði í prentuðu og rafrænu formi. Þjónustusvið annast kennslu í upplýsingaleikni fyrir háskólanema, hefur umsjón með vef safnsins, starfrækir námsbókasafn í tengslum við námskeið sem kennend eru við Háskóla Íslands og hefur umsjón með almennum lesrýmum safnsins og útibúum á háskólasvæðinu. Sviðið hefur umsjón með ritakosti á opnu rými og að sumu leyti í geymslum, sér um aðföng og skráningu erlendra bóka, tímarita og rafrænna gagna ásamt því að hafa umsjón með landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Sviðið skiptist í upplýsingadeild og útlánadeild og hafa þær samvinnu um almenna notendabjónustu safnsins og skipta með sér verkum. Í lok ársins voru starfsmenn sviðsins alls 42, en stöðugildi voru 33,8. Í upplýsingadeild voru 18 starfsmenn í 15,1 stöðugildum og í útlánadeild voru 24 starfsmenn í 18,7 stöðugildum.

Upplýsingadeild



Upplýsingadeild ber ábyrgð á upplýsingabjónustu safnsins á 2. hæð, hefur umsjón með handbókasafni, annast notendafraeðslu við háskólasamfélagið og aðra safngesti og sér til þess að notendur hafi sem bestan aðgang að prentuðum og rafrænum upplýsingum. Aðrir verkþættir deildarinnar eru tímaritahald, millisafnalán, ritstjórn vefjar safnsins, umsjón útibúa og landsaðgangur að rafrænum gögnum. Starfsemi ISSN og ISBN skrifstofu mun sameinast frá 1. janúar 2006 í umsjón tímaritahalds.

Upplýsingabjónusta.

Dagleg umsvif upplýsingabjónustu voru svipuð og árið 2005. Með auknum aðgangi notenda að rafrænum gögnum og upplýsingum á Netinu fækkaði almennum fyrirspurnum og heimildaleitum gegn greiðslu um skeið. Þeim fer nú aftur fjölgandi, einkum meðal doktors- og meistaranema. Einnig hefur leiðsögn um notkun rafrænna gagna aukist, bæði í síma og í formi einstaklingsbundinnar kennslu í safninu.

Notendafraeðsla

Í upphafi vor- og haustmisseris voru kennarar að venju hvattir til að panta safnkynningar fyrir nemendum sína. Einnig var tekin var upp sú nýjung að bjóða upp á stutt námskeið um einstök gagnasöfn og skrár, s.s. Gegni, Tdnet og ProQuest og þau auglýst á póstlistum nemenda. Haldin voru 10 slík námskeið á vormisseri og var aðsókn góð. Að öðru leyti voru safnkynningar með líku sniði og undanfarin ár, þ.e. frumkynningar fyrir nýnema og framhaldskynningar fyrir þá sem lengra eru komnir. Í frumkynningum er þjónusta og aðstaða í safninu kynnt ásamt Gegni og vef safnsins, en í framhaldskynningum er farið í helstu atriði heimildaleitar og einstök gagnasöfn eru kynnt. Gert var átak í því að kynna rafræn gögn á sviði verkfræði og kynna þjónustu safnsins varðandi heimildaleitir. Í kjölfarið komu þrjár hópar í almenna kynningu, og rafræn gögn í verkfræði voru kynnt í fjórum verkfræðistofum á höfuðborgarsvæðinu. Gerður var kynningarbæklingur um rafræn gögn í verkfræði og stutt grein um svipað efni birtist Verktækni, fréttabréfi verkfræðinga.



Aðgangur að stafrænum gögnum

Aðgangur að stafrænum gögnum, tímaritum og gagnasöfnum, er ýmist á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu. Nokkuð bættist við af stafrænum útgáfum tímarita í sérskrift safnsins og Háskóla Íslands og áskrift var tekin að Lexikon des Mittelalters, International Medieval Bibliography og CIOS með Com Abstracts (Communication Institute for Online Scholarship). Sagt var upp áskrift að gagnasöfnum CSA – Cambridge Scientific Abstracts, Karnovs Lovsamlin og Ufr. Norska gagnasafnið Norart hefur nú verið gert gjaldfrjálst. Í árslok 2005 var aðgangur að eftirfarandi gagnasöfnum ýmist í sérskrift safnsins eða sameiginlega með einstökum deildum Háskóla Íslands: Bibliography of the History of Art, CIOS (Com Abstracts), Historical Abstracts, International Medieval Bibliography, JSTOR Business Collection, Lexikon des Mittelalters, LISA, MathSciNet, MLA, Motiv Index of Folk Literature, Philosopher's Index, PROLA, UN Treaty Collection, UNSTATS Common Database og Web Dewey. Í félagi við aðra er aðgangur að: ACM, ASME, ASCE, EconLit, GeoRef, Engineering Village2 með Compendex, MDConsult, PsycInfo í OVID og SourceOECD.

Landsaðgangur

Landsaðgangur að stafrænum gagna- og tímaritasöfnum er upplýsingaveita fyrir Ísland og er aðgangur frá öllum tölvum á landinu sem eru tengdar um íslenska netveitu. Á vef landsaðgangs hvar.is er að finna ársskýrslu um starfsemina og þar kemur fram hvaða efni aðgangur er að, hverjir bera kostnaðinn og hvernig notkun er háttáð. Á árinu bættust við

landsaðgang nokkur gagnasöfn fyrir tilstilli aðila sem kosta aðganginn fyrir allt landið. Það eru: ASCE (American Society of Civil Engineers), ASME (American Society of Mechanical Engineers) og EngineeringVillage2 með Compendex. Eru þau kostuð af verkfræðideild HÍ og nokkrum verkfræðistofum og fyrirtækjum á sviði verklegra framkvæmda. Ennfremur lækisfræðigrunnurinn OVID sem kostaður er af LSH, HÍ og FSA. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur gert þjónustusamning við menntamálaráðuneyti um framkvæmd samninga um landsaðgang. Innkaupnefnd sex sérfræðinga starfar með Landsbókasafni og er hlutverk hennar er að ákveða hvort taka eigi upp nýja samninga, endurnýja eldri eða fella þá niður. Á árinu var ákveðið nýtt greiðslufyrirkomulag fyrir stafræn tímarit. Notkun á stafrænum gagna- og tímaritasöfnum í landsaðgangi fór hraðvaxandi árin 2002 – 2004 en árið 2005 hefur hægt mjög á, sérstaklega hvað varðar tímaritasöfnin. Notkun á gagnasöfnum eykst verulega og munar þar mest um aukna notkun á Britannica og Grove Art. Einn starfsmaður vann í fullu starfi við umsýslu og ýmsir aðrir starfsmenn unnu að samningagerð, innheimtu og fjárumýslu. Í heild samsvarar þetta tveimur stöðugildum.

Yfirlit yfir notkun á stafrænum gagna- og tímaritasöfnum árin 2004 og 2005.

<i>Greinasafn</i>	Greinar sóttar í fullri lengd		Breyting
	2005	2004	
Blackwell Synergy	56.120	52.515	6,9%
Elsevier	147.299	143.332	2,8%
ScienceDirect			
Karger Online	3.494	3.489	0,1%
Morgunblaðið - greinar eldri en 3 ár	44.447	41.064	8,2%
ProQuest 5000	235.002	259.514	-9,4%
SpringerLink með Kluwer	15.805	23.094	-31,6%
Samtals	502.167	523.008	-4,0%
<i>Gagnasafn</i>	Greinar sóttar í fullri lengd		Breyting
	2005	2004	
Britannica	68.318	39.026	75,1%
Grove Art	12.259	6.619	85,2%
Grove Music & Opera	20.883	18.827	10,9%
ProQuest LION	3.811	3.324	14,7%
ProQuest Learning Literature	2.314	1.223	89,2%
Samtals	107.585	69.019	55,9%
<i>Tilvísanasafn</i>	Leitir 2005	Leitir 2004	Mismunur
Web of Science	111.783	107.2	4,2%

Handbókarými

Á handbókarými á 2. hæð hafa notendur aðgang að starfsfólki upplýsingaþjónustunnar og öllum helstu hjálpargögnum við heimildaleit, prentuðum og rafrænum. Á svæðinu eru nú um 16 þús. bindi handbóka og uppsláttarrita af ýmsum toga og níu tölur til heimildaleita.

Bæklingar

Til stuðnings notendafræðslunni voru á árinu gefnir út 6 nýir bæklingar á vegum upplýsingadeildar, 35 voru endurnýjaðir að talsverðu leyti og nokkrir endurprentaðir án breytinga.

Vefur safnsins

Nýr vefur safnsins var opnaður 1. september. Hann er einkum skipulagður með þarfir þeirra sem stunda háskólanám eða fræða- eða rannsóknarstörf í huga. Áhersla er m.a. lögð á að gera aðgang að rafrænum gögnum sem sýnilegastan. Stöðugt er bætt við nýju efni og eldri upplýsingar eru uppfærðar reglulega.

Tímaritahald

Á árinu var unnið að skipulagi og gerð Viðskiptagrunns sem verður heildargrunnur yfir tímaritakaup safnsins og landsaðgang að stafrænum tímaritum að auki. Vonast er til að þannig verði auðveldara að fylgjast með innkaupum á ritum og aðlaga innkaup að fjárframlagi deilda HÍ. Tímaritahald fær einnig ýmsa lista frá Landskerfi bókasafna úr aðfangabætti Gegnis og auðveldar það umsýslu með tímaritum og eftirlit með innkaupum. Í árslok 2005 var tekin ákvörðun í háskólaráði um að heildargreiðsla fyrir hlut Háskóla Íslands í landsaðgangi að stafrænum tímaritum kæmi í einu lagi til bókasafnsins en ekki gegnum ritakaup deilda. Vonast er til að svigrúm aukist til tímaritakaupa frá öðrum útgefendum en þeim sem samið var við vegna landsaðgangs. Til þess að veita aðgang að og auka not af stafrænu efni á Netinu, en einnig til að tengja saman not af prentuðum og rafrænum tímaritum, voru settar upp almenningstölur framan við afgreiðsluborð á tímaritasvæði safnsins. Þar er aðgangur að öllum stafrænum tímaritum og gagnasöfnum sem safnið hefur aðgang að, ásamt stafrænni endurgerð safnefnis Landsbókasafns svo sem handritum, tímaritum, kortum og Morgunblaðinu frá 1913 til 1986. Einnig er aðgangur að Gegni en stafrænar útgáfur áskriftartímarita eru nú flestar tengdar við forðafærslur í Gegni.



Samskrá um erlend tímarit og NOSP


Af þeim 60 rannsóknar- og almenningbókasöfnum, sem verið hafa þátttakendur í Samskrá um erlend tímarit, hafa nú um 20 söfn beina aðild Gegni. Gert er ráð fyrir að þau sinni sjálf uppfærslu á tímaritaeign sinni í samskrá Gegnis. Auk þeirra eiga um 40 söfn forðaupplýsingar í Gegni og verða þau beðin um að senda Landsbókasafni nýjar upplýsingar í janúar 2006. Misræmi er mikið milli forðaupplýsinga í Gegni og NOSP og töluvert er um fyrirspurnir vegna þess. Í september hóf Landskerfi bókasafna, sem nú annast samskipti við NOSP, undirbúning að því að senda færslur úr Gegni í NOSP-skrána og vonast er til að hægt verði að senda í fyrsta sinn uppfærða skrá úr nýja Gegni á árinu 2006.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Nýtt skráningarkerfi „VTLS Virtua“ var tekið í notkun hjá alþjóðaskrifstofu ISSN (IC) í París snemma árs 2005. Í framhaldi af því var ákveðið að Landsbókasafn hæfi beina skráningu í ISSN-kerfið og hófst hún í september. Í kjölfarið fylgdu ýmsar breytingar fyrir starfseminu og mikil aukning á samskiptum við alþjóðaskrifstofuna. Taka þurfti upp ný vinnubrögð og aðlagast nýjum hugtökum. ISSN skrifstofan úthlutaði alls 91 ISSN númeri á árinu 2005. Þar af voru umsóknir útgefenda vegna nýrra rita 32. Úthlutað var ISSN númerum fyrir 5 vef tímarit. Í lok ársins voru 1579 íslenskar færslur í ISSN skránni.

Millisafnalán

Millisafnalán hafa sl. tvö ár þurft að handskrá nær allar beiðnir, en unnið hefur verið ötullega með Landskerfi bókasafna að því að geta fullnýtt millisafnalánabátt Gegnis. Flestar greinar eru sendar sem símbréf, TIF eða PDF skjöl og eingöngu þau söfn sem eiga í erfiðleikum við móttöku stafrænna skjala fá greinar sendar í pósti. Heildarfjöldi beiðna árið 2005 var 5558 og af þeim voru afgreiddar 5189, eða 93,4%. Úr ritakosti Lbs-Hbs voru samtals afgreidd 1719 gögn á árinu. Til safnsins bárust alls 3470 gögn á árinu frá öðrum söfnum. Mikil aukning var á móttöku bóka frá innlendum söfnum og felst hún að hluta til í þeirri nýjung að fá bækur sendar í pósti frá söfnum á höfuðborgarsvæðinu og hafa nemendur við HÍ verið ánægðir með að geta beðið um slíkt, þótt það sé gegn gjaldi. Örlítil aukning er í greinabeidnum milli ára og er það í fyrsta sinn síðan árið 2000 að um aukningu er að ræða.



Útibú

Safnið starfrækir allmörg útibú í þágu Háskóla Íslands. Þau eru flest á háskólalóðinni eða í næsta nágrenni hennar. Í sumum útibúum er bókavarsla tiltekinn tíma dag hvern. Í öðrum er um að ræða umsjón sem felst í reglubundnum eftirlitsferðum einu sinni til tvisvar í viku eða sjaldnar. Sú meginstefta hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum en stúdentum verði fremur beint í Þjóðarabókhöfðu. Útibúið í Lögbergi var í fyrsta sinn opið nokkra tíma í viku yfir sumarmánuðina og gaf það góða raun.

Eftirfarandi er yfirlit yfir útibú safnsins:

Aðalbygging H.Í.

Guðfræðideildarstofa er handbókasafn kennara og nemenda í guðfræði.

Askja.

Þar eru einkum tímarit og uppsláttarrit sem áður voru í bókasafni Jarðfræðahúss og lesstofu í líffræði að Grensásvegi 12.

Ámagarður.

Lokuð bókastofa hugvísindadeildar á 3. hæð ætluð kennurum og nemendum í MA eða doktorsnámi í íslenskum fræðum

Hagi við Hofsvallagötu.

Bókastofa lyfjafræðideildar er handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði.

Handbókasafn starfsmanna Rannsóknarstofu í lyfjafræði.

Lögberg.

Bókasafn lagadeildar í Lögbergi.

Norræna húsið.

Bókasöfn sem tengjast kennslu í norrænum tungumálum eru til húsa á skrifstofum viðkomandi lektors (danska, finnska, norska og sænska) í Norræna húsinu.

Nýi Garður.

Bókastofa enskukennslu á 2. hæð er handbókasafn kennara og nemenda í enskuskor.

Bókastofa Hugvísindastofnunar á 3. hæð er lokað handbókasafn kennara í hugvísindadeild.

Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3.

Safnið er handbókasafn starfsmanna stofnunarinnar.

VR-II Verkfræði- og raunvísindadeild.

Bækur og tímarit á sviði verkfræði og raunvísinda.

VR-III er handbóka- og tímaritasafn kennara í raunvísindum.

Útlánadeild

Útlánadeild sér um lánastarfsemi safnsins, hefur umsjón með bókarýmum á opnu rými og í geymslum, sér um aðföng til sviðsins og flokkun, skráningu, lyklu og frágang ritakostsins. Deildin starfrækir námsbókasafn fyrir Háskóla Íslands, varðveitir safn lokaritgerða nemenda við Háskóla Íslands og sér um almenna upplýsingaþjónustu á 2., 3. og 4. hæð. Deildin hefur jafnframt umsjón með lestrýmum og úthlutun leskerbergja.

Afgreiðslutími

Safnið var opið tæpa 80 tíma á viku yfir vetrartímann. Sumartími var í gildi frá 21. maí til 12. ágúst og var safnið þá opið 44 tíma á viku.


Notendajónusta/afgreiðsla


Hin almenna notendajónusta safnsins er bæði í höndum útlánadeildar og upplýsingadeildar sem hafa samvinnu um hana og skipta með sér verkum. Upplýsingadeild sér um sérhæfða upplýsingaþjónustu en útlánadeild um almenna upplýsingaþjónustu. Vaktstöðvar útlánadeildar í safninu eru fjórar. Á 2. hæð er almenn afgreiðsla. Á 3. hæð eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við Háskóla Íslands. Á 4. hæð eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins, og veitt þjónusta við notendur tón- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn á opnu rými. Í kjallara eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslum.



Útlán

Árið 2005 voru tölvuskráð útlán 67.236 (sjá súlurit), þar af voru útlán í námsbókasafni 1.426 og í tón- og myndsafni 1.688. Í útibúum safnsins voru útlán 1.655 og útlán alls voru því 68.891. Nemendur Háskóla Íslands tóku eins og fyrri ár flest rit í lán eða um 65%, starfsmenn H.Í. og safnsins um 13%, almennir lánþegar um 12%, og aðrir háskólanemar um 6%. Lánþegar voru alls 6.105 í lok árs.





Innheimta vanskilagagna

Í október hóf safnið samstarf við Intrum á Íslandi um innheimtu vanskilagagna. Send voru út bréf til um 470 lánþega sem höfðu verið í vanskilum í allt að 4 ár, þar sem þeim var kynnt breytt innheimtufyrirkomulag og gefinn 14 daga frestur til að gera upp við safnið. Í árslok höfðu 70% lánþeganna orðið við því. Framvegis mun Landskerfi bókasafna sjá um að senda Intrum lista yfir lánþega í vanskilum á tveggja mánaða fresti.

Útgáfa


Nokkur útgáfa á bæklingum á sér stað innan deildarinnar og eru þeir helst ætlaðir lánþegum safnsins.

Ritakostur

Flest rit útlánadeildar eru á opnu rými á 4. hæð safnsins en hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara hússins og í Mjódd. Ekki eru öll rit lánúð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1910, tímarit, handbækur, barnabækur, þýdda reyfara, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

Lesrými

Í Þjóðarabókhöllu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð (með eða án tölvu), þar af 20 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti, sum við lágborð og sum í tón- og myndsafni. Lesrýmið er mest notað af nemum Háskóla Íslands og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir. Í safninu eru 28 lesherbergi sem safngestir geta fengið afnot af til ákveðins tíma. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau nánast fullnýtt bæði á veturna



og á sumrin. Alls höfðu 85 safngestir afnot af lesherbergi á árinu (sjá kökurit). Eitt lesherbergi er ætlað fötluðum og annað sjónskertum til almennrar notkunar. Þessum herbergjum er úthlutað í samvinnu við Námsráðgjöf H.Í., og eru þau samnýtt af fleiri en einum notanda í einu.

Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við Háskólann. Það er einungis starfrækt að vetri til og er það á opnu rými á 4. hæð safnsins. Gögn námsbókasafnsins voru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Alls voru skráð 196 námskeið, sem er það mesta sem skráð hefur verið. Kennarar í hugvísindadeild og félagsvísindadeild nota námsbókasafnið áberandi mest og voru um 80% námskeiðanna kennd í þeim deildum. Útlán úr námsbókasafninu minnkuðu verulega og voru 1.426 á árinu (2.406 árið 2004). Það hefur færst í vöxt að kennarar vilji hafa bækur á námsbókasafni aðeins til notkunar á staðnum. Þá hafa líka fleiri kost á því að lesa bækurnar en ef þær væru til að mynda til útláns í þrjá daga.

Aðföng rita og annarra gagna

Landsbókasafn annast uppbyggingu ritakosts, bæði erlends og íslensks, í þágu háskólanáms og rannsóknar. Um er að ræða val og kaup á bókum og öðru efni, svo sem tónlist, mynddiskum og rafrænu efni. Einingin hefur einnig umsjón með ritaskiptum við nokkrar erlendar stofnanir og sér um móttöku og úrvinnslu gjafa er safninu berast.

Ritakaup H.Í.

Árið 2005 var fjárveiting frá einstökum deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna ritakaupa sem hér segir: guðfræðideild 230 þús.; lagadeild 3.5 millj.; viðskipta- og hagfræðideild 4.5 millj.; hugvísindadeild 5.2 millj.; lyfjafræðideild 1.2 millj.; tannlæknadeild 800 þús.; verkfræðideild 3 millj.; raunvísindadeild 10 millj.; félagsvísindadeild 9.3 millj., eða samtals 37.73 milljónir króna. Þessu fé er ráðstafað í uppbyggingu ritakosts á fræðasviðum deilda Háskóla Íslands í samvinnu við bókasafnsfulltrúa og/eða háskólakennara eftir atvikum, en talsverður hluti þessa fjár fer í tímaritakaup. Mikil áhersla er lögð á virkt samband við deildir háskólans.

Gjafir

Samkvæmt venju bærust safninu margar góðar gjafir, bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Safnið eignaðist á árinu talsvert magn stærðfræðibóka sem verið höfðu í eigu Prófessors Henry Orde. Gjöfin barst hingað fyrir tilstilli ekkju hans og dóttur en sendiráð Íslands í London aðstoðaði við flutning bókanna til landsins. Um 100 nýjar stærðfræðibækur bærust safninu að gjöf fyrir atbeina Rögnvaldar Möller en bækurnar voru gefnar af ýmsum erlendum útgáfufyrirtækjum. Japan Foundation styrkti

japönskukennsluna hér með gjöf um 140 bóka um japönsk málefni og hafði lektorinn í japönsku, Kaoru Umezawa, veg og vanda af því að sækja um þennan styrk.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands gaf safninu mikið af bókum sínum, eða um 200 rit. Þorgerður Einarsdóttir færði safninu um 100 nýjar og nýlegar bækur í félagsvísindum og Bóksala stúdenta sendi safninu nýjar bækur á ýmsum sviðum. Aðrir góðir gefendur voru t.d. Norræna húsið, Guðni Th. Jóhannesson, Guðjón Axelsson, Berglind Heiðarsdóttir, Eva Heisler og Snjólaug Sigurðardóttir en einnig bárust gjafir frá fjölmörgum öðrum aðilum.

Erlend skráning, lyklun og flokkun

Meginverkefni faghópsins er flokkun, lyklun og skráning á erlendu efni sem keypt er fyrir deildir Háskóla Íslands, vegna almenns menningarhlutverks safnsins, auk efnis sem berst í bókagjöfum og í ritaskiptum. Einnig sér faghópurinn um flokkun og lyklun á námsritgerðum frá Háskóla Íslands. Starfsmenn Landsbókasafns vinna með skráningarráði Landskerfis bókasafna sem er skipað fimm sérfræðingum frá mismunandi safnategundum.





Tveir starfsmenn faghópsins kenndu þrjú námskeið um skráningu í Gegni sem haldin voru hjá Landskerfi bókasafna. Í samvinnu við Landskerfi bókasafna og Borgarbókasafn vann faghópurinn að uppbyggingu nafnmyndaskrár Gegnis sem leit dagsins ljós í desember, og unnin voru átaksverkefni til undirbúnings fyrir nafnmyndaskrána og við leiðréttingu á bókfræðifærslum vegna sameiningar í Gegni.

Könnun

Í mars var framkvæmd notendakönnun í safninu. 400 eintökum könnunarinnar var dreift til safngesta og spurt var um þjónustuna, samskipti við starfsfólk, lestraradstöðu, framboð prentaðs og rafræns efnis, vef safnsins o.fl. Um 340 svör skiluðu sér og í ljós kom að notendur eru almennt ánægðir með þjónustu safnsins og aðbúnað. Skýrsla með niðurstöðunum liggur frammi á safninu.

Talningar

Til að fylgjast með nýtingu lessæta á 3. og 4. hæð er fjöldi gesta talinn reglulega, þ.e. á kvöldin, um helgar og að degi til í fyrstu viku hvers mánaðar. Niðurstöður koma fram í eftirfarandi línuritum.






Lykiltölur Landsbókasafns og ýmis tölfræði

Lykiltölur safnsins eiga að endurspeglar þá starfsemi safnsins sem er mælanleg og hægt að leggja fram reglulega. Með því að bera þær saman við lykiltölur síðasta(u) árs(a) er unnt að fylgjast með breytingum og því eru þær settar fram hér sem súlurit eða línurit. Lykiltölurnar sýna m.a. notkun á vefjum safnsins, fjölda gesta í safninu, fræðslustarfsemi, stafræna myndatöku, fjölda útlána og notkun á stafrænum gagna- og tímaritasöfnum. Í töflum 1 til 15 er að finna yfirlit yfir ýmsa þætti sem gefa hugmynd um aðra þætti starfseminnar.

Notkun á völdum vefjum safnsins, þ.e. aðalvef, tímarit.is og hvar.is





Mælingar á aðalvef safnsins og tímarit.is hófust í nóvember 2004. Aðalvefur safnsins var endurnýjaður í lok ágúst 2005 og fluttur á vefsetur HÍ en við það rofnaði vefmæling og var ekki komin í gang í lok ársins. Það er bagalegt því áhugavert er að sjá hvaða áhrif nýr vefur safnsins hefur. Notkun á vefnum



hvar.is hefur minnkað nokkuð og skýrist það e.t.v. af því að eðlilegt er að vanir notendur noti ekki hvar.is heldur fari beint í það gagnasafn sem þeir vilja leita í.



Talning á fjölda gesta á 3. og 4. hæð

Sjá má að gestum hefur fækkað nokkuð á fyrri helmingi ársins en á seinni helmingi ársins er fjöldi gesta mjög svipaður og árið 2004 og nokkru meiri á kvöldin og á sunnudögum. Greinilegt er að breytingar á opnunartíma safnsins hafa haft áhrif, sérstaklega á sunnudögum




Fjöldi safnkynninga og fjöldi gesta á safnkynningum

Fjöldi kynninga og fjöldi gesta hefur aukist sérstaklega á seinni helmingi ársins og er það jákvætt því brýnt er að kynna bæði þjónustu safnsins og allan safnkost sem í boði er.





Stafræn myndun -

Heildarfjöldi myndaðra síða er mjög svipaður og árið 2005 en sveiflur eru nokkrar, og stafa þær m.a. af því að myndvélina bilaði haustið 2005 og tók nokkurn tíma að lagfæra það. Í ársbyrjun 2006 kom tæknimaður frá framleiðanda, fór yfir myndvélina, lagaði það sem bilað var og leiðbeindi starfsfólki um viðhald og viðgerðir.



Útlán þjónustusviðs


Útlán þjónustusviðs í safninu, útlán útibúa ekki meðtalin, eru mjög svipuð og árið 2004. Það er ánægjulegt því stafræn tímarit sem nemar og kennarar HÍ hafa aðgang að, ýmist í landsaðgangi eða innan HÍ eingöngu, eru fyrst á fremst á sviði tækni, raunvísinda og læknisfræði.




Notkun á stafrænum gagna- og tímaritasöfnum. Sóttar greinar í fullri lengd ásamt fjölda leita í Web of Science.

Notkun á stafrænum gagna- og tímaritasöfnum í landsaðgangi fór hraðvaxandi árin 2002 – 2004 en árið 2005 hefur hægt mjög á, sérstaklega hvað varðar tímaritasöfnin, og er heildarfjöldi sótttra tímaritsgreina 2005 um 4% minni en árið 2004. Notkun á ritum frá Springer/Kluwer minnkar verulega og getur orsökina verið sú að talsvert ólag var á tengingum vegna sameiningar tímaritasafnana þeirra í byrjun árs 2005. Notkun á gagnasöfnum eykst verulega, eða um 56%, og munar þar mest um aukna notkun á Britannica og Grove Art. Notkun á Web of Science, þ.e. fjöldi leita eykst um 4%. Heildarfjöldi sótttra greina úr tímarita- og gagnasöfnum hefur aukist um 3% frá 2004 til 2005. Væntanlega er að komast jafnvægi á notkunina enda ekki við því að búast að vöxtur síðustu ára héldist en hafa ber í huga að vinna þarf betur að kynningu á landsaðgangi ef hámarksafrakstur á að nást af því að hafa landsaðgang að stafrænum tímarita- og gagnasöfnum.

Sóttar greinar úr tímaritasöfnum



Samtals sóttar greinar úr tímarita- og gagnasöfnum



Tafla 1: Aðföng 2001–2005

Skylduskil ¹	2001	2002	2003	2004	2005
Bækur (rit skráð sem bækur)	5.847	5.744	5.510	5.578	6.077
Tímarit (hefti)	9.315	8.142	8.070	7.737	7.769
Blöð (tölublöð)	7.185	7.128	6.773	8.177	8.051
Ársskýrslur	812	801	797	581	833
Veggspjöld	437	668	596	660	1.682
Landakort	166	80	188	180	109
Smælki	11.555	11.637	12.802	12.060	14.472
Hljóðrit ²	224	358	404	610	784
Myndbönd ³				2	0
Mynddiskar (DVD) ⁴				5	0
Hljóðbækur				30	57
Margmiðlunardiskar (CD-ROM)				9	15

Önnur aðföng	2001	2002	2003	2004	2005
Íslensk tímarit, keypt	130	114	110	102	82
Íslensk tímarit, gjafir	40	45	45	35	40
Erlend tímarit, keypt í Lbs.	1.602	1.466	1.420	1.170	1.124
Erlend tímarit, keypt af stofnunum háskólans	80	70	55	45	40
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	870	850	800	650	750
Eldri tímarit, árgangar	880	520	1.265	780	494
Bækur, keyptar	4.277	3.761	3.064	3.020	2.750
Bækur, gjafir/ritaskipti	3.742	6.528	2.239	2.296	3.343
Myndbönd og mynddiskar, keypt	204	158	99	155	180
Myndbönd og mynddiskar, gjafir	5	29	12	28	12
Geisladiskar (CD-ROM), keyptir titlar, stakir	33	35	19	0	8
Geisladiskar (CD-ROM), gjafir	6	16	8	7	2
Hljóðrit, keypt	64	108	29	250	63
Hljóðrit, gjafir	3	34	81	51	0

Tafla 2: Skráning

Við skipulagsbreytingar í safninu haustið 2003 var skráningardeild lögð niður og skráningu skipt þannig að skráning erlendra aðfanga er hjá þjónustusviði, skráning íslenskra rita í þjóðdeild og skráning handrita í handritadeild. Með tilkomu nýs bókasafnskerfis í umsjón Landskerfis bókasafna lauk umsjón Landsbókasafns með því bókasafnskerfi sem rekið var fyrir háskóla og ýmis sérfræðisöfn. Sameining bókasafnskerfa í nýju kerfi reyndist mjög tímafrek og einnig þurfti að leggja mikla vinnu í að samræma og leiðrétta gögnin. Starfsmenn safnsins hafa unnið ötullega við það. Ekki er búið að ákveða hvernig best er að birta tölfræðiupplýsingar fyrir nýja kerfið og því eru ekki settar fram tölur um skráningu og annað framlag Landsbókasafns til hins nýja bókasafnskerfis, en skylt er að geta þess að það var ærið.

¹ Hér eru talin þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Landsbókasafni. Að því er varðar dagblöð, hljóðbækur og margmiðlunardiska eru einnig talin þrjú eintök en tvö eintök að því er varðar smælki og veggspjöld.

² Þ.e. eintök; samtals 442 titlar, flestir útgefnir 2004 og 2003. Hér eru taldir með 97 titlar af *Islandica extranea* og 93 titlar með „eigin efni“ sem einstaklingar, kórar og hljómsveitir hafa gefið út sjálfir.

³ Þ.e. titlar, bærust frá útgefendum. Myndbönd hafa enn ekki borist frá Kvikmyndasafni Íslands.

⁴ Þ.e. titlar, bærust frá útgefendum. DVD-diskar hafa enn ekki borist frá Kvikmyndasafni Íslands.

Tafla 3: Fjöldi lánþega 1999–2005

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Stúdentar H.Í.	2.201	2.114	2.541	2.781	2.897	3.286	3.308
Kennarar H.Í.	650	652	559	555	684	584	722
Nemar utan H.Í.	712	666	697	619	638	761	782
Aðrir lánþegar	1.615	1.695	1.608	1.338	1.411	1.319	1.203
Samtals	5.178	5.127	5.405	5.293	5.630	5.950	6.015

Tafla 4: Fjöldi útlána 1999–2005

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Stúdentar H.Í.	40.822	35.816	37.750	41.639	45.818	40.635	42.833
Kennarar H.Í.	9.151	9.373	10.814	13.951	13.105	8.436	8.813
Nemar utan H.Í.	6.258	5.307	5.412	4.910	6.260	5.685	5.264
Aðrir lánþegar	15.828	17.532	16.516	14.371	14.340	12.836	10.326
Samtals	72.059	68.028	70.492	74.871	79.523	67.591	67.236

Tafla 5: Millisafnalán 1999–2005

Til bókasafnsins	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Bækur, filmur o.fl.	1.367	1.163	1.138	984	1.043	1.147	1.044
Ljósrit	3.391	4.018	3.533	3.114	2.623	2.399	2.426
Frá bókasafninu							
Bækur, filmur o.fl.	298	432	329	321	349	465	524
Ljósrit	1.931	1.462	1.589	1.514	1.389	1.379	1.195
Samtals	6.987	7.075	6.589	5.933	5.404	5.390	5.189

Tafla 6: Útgáfa bóka og hljóðrita

Tölur í þessa töflu voru unnar úr *Íslenskri bókaskrá*. Hún hefur ekki komið út árin 2002-2004 en verður aðgengileg um vefinn sem *Íslensk útgáfuskrá* árið 2006.

Tafla 7: Þjóðdeild 1999–2005

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi lána (þjóðdeild)	10.730	12.974	13.505	14.738	11.836	11.600	9.713
Fjöldi gesta ⁵	7.430	7.230	7.931	8.100	8.320	7.840	8.475

Tafla 8: Handritadeild 1999–2005

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi skráðra aðfanga	76	100	60	49	58	30	52
Handritalán á lestrarsal	3.544	2.796	2.763	2.410	2.063	3.025	3.336
Lánuð handrit	75	24	61	7	11	67	97
Samtals	3.619	2.820	2.824	2.417	2.074	3.092	3.433

⁵ Á sameiginlegan lestrarsal handritadeildar og þjóðdeildar.

Tafla 9: Upplýsingaþjónusta 1999–2005

Fjöldi gesta	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Frumkynning H.Í.	1.220	1.360	1.350	1.540	1.766	950	820
Framhaldskynning H.Í.	505	276	535	588	558	470	454
Aðrir gestir	195	274	160	433	78	6	712
Samtals	1.920	1.910	2.045	2.561	2.422	1.426	1986

Fjöldi hópa	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Frumkynning H.Í.	33	32	37	31	40	26	33
Framhaldsfræðsla	19	11	20	22	22	22	20
Aðrir hópar	14	25	11	28	11	23	33
Samtals	66	68	68	81	73	69	86

Bæklingar	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Nýir titlar	14	12	15	11	2	3	6
Endurútgáfa	31	33	33	34	28	26	35
Samtals	45	45	48	45	30	29	41

Tafla 10: Þjónusta í tón- og myndsafni 1999–2005

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fyrirspurnir	28	30	40	48	36	43	52
Hljóðrit – hlustun	1.380	968	923	743	749	785	765
Hljóðsnældur – útlán	734	416	311	417	1.052	341	286
Myndbönd – áhorf	1.080	919	1.323	982	1.080	803	968
Myndbönd – útlán	1.976	2.526	4.116	4.999	2.104	1.810	1.330
Nótur – útlán	566	640	227	640	716	379	280
Samtals	5.764	5.499	6.940	7.829	5.737	4.161	3.681

Tafla 11: Myndastofa 2001–2005

	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi örfilma (dagblöð)	76	92	90	71	70
Stafrænar myndir ⁶ (fj. bls)		34.273	130.420	304.152	303.287
Bækur					1.636
Handrit					6.852
Samtals fjöldi blaðsíðna					311.775

⁶ Ný stafræn myndavél var tekin í notkun í ágúst 2003

Tafla 12: Bókbandsverk 2000–2005

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Einingar	19.761	31.885	36.744	41.963	41.527	41.001

Tafla 13: Yfirlit yfir stöðugildi árána 1999–2005

Deildir	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Skrifstofa landsbókavardar	7.00	7.00	6.00	6.00	6.50	7.90	6.00
Sýningarhald	1.80	0.80	0.50	0.50	0.75	0	0
Fatahengi	2.10	2.10	2.10	2.10	2.10	0	0
Kerfisþjónusta	1.00	1.00	1.00	1.00	0	0	0
Tölvuþjónusta	2.00	2.80	2.30	3.80	3.80	5.80	4.60
Þjóðeild	6.50	6.20	7.20	7.40	7.40	21.95	21.23
Handritadeild	5.00	4.00	4.00	4.00	4.50	7.75	6.75
Aðfangadeild	13.20	11.55	11.62	14.05	13.55	0	0
Skráningardeild	15.82	15.12	17.12	15.12	14.22	0	0
Útlánadeild	14.63	13.85	15.00	14.62	13.31	17.50	18.43
Upplýsingadeild	5.39	5.62	5.50	5.50	5.50	11.65	11.85
Rafræn gögn ⁷	0	0	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
Kvinnasögusafn Íslands	0.80	0.80	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
Bókband	3.00	3.50	4.50	3.30	3.00	4.00	4.00
Myndastofa	1.50	2.00	2.00	1.50	1.50	5.17	4.67
Viðgerðarstofa	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
Fjölföldun	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	0	0
Útibú	4.58	4.43	4.43	4.05	3.96	3.90	2.50
Varaeintakasafn	0	0	2.00	1.50	1.50	0,8	0,8
Húsrekstur	4.42	4.42	4.42	4.42	4.25	4.25	4.25
VESTNORD	1.50	2.30	2.80	2.30	2.64	0	0
Samtals stöðugildi	98.49	94.74	96.52	95.16	92.48	93.67	88.08

Við skipulagsbreytingar í safninu haustið 2003 var safninu skipt í 3 svið. Aðfangadeild og skráningardeild voru lagðar niður og starfsmenn þeirra skiptust á aðrar deildir. Taflan sýnir hvernig stöðugildi skiptast milli helstu starfs-
eininga safnsins en til glöggvunar eru fyrri einingar einnig sýndar.

Flokkun starfsmanna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Bókasafnsfræðingar	34.04	34.37	36.60	36.85	33.15	33.45	33.15
Aðrir háskólamenntaðir	29.13	25.64	25.40	25.42	25.20	25.94	22.63
Aðstoðarfólk	29.32	27.43	27.72	25.79	28.13	29.28	26.30
Tæknifólk	6.00	7.30	6.80	7.00	6.00	5.00	6.00
Samtals stöðugildi	98.49	94.74	96.52	95.16	92.48	93.67	88.08

⁷ Umsjón með landssamningum um aðgang að rafrænum gögnum

Tafla 14: Rekstrargjöld 1999–2005 (í þús. króna)

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Laun	214.719	229.101	278.566	305.046	312.242	319.102	377.311
Ritakaup	58.964	82.503	106.791	104.812	108.625	110.946	106.907
Önnur gjöld	119.735	136.037	181.697	129.197	171.609	144.317	136.504
Samtals	393.418	447.641	567.054	539.055	592.476	574.365	620.722

Hlutfallstölur	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Laun	54.6	51.2	49.1	56.6	52.7	55.6	60.8
Ritakaup	15.0	18.4	18.8	19.4	18.3	19.3	17.2
Önnur gjöld	30.4	30.4	32.0	24.0	29.0	25.1	22.0

Tafla 15: Rekstrarreikningur 2005 (í þús. króna)

Gjöld	
Laun	377.311
Rekstur húsnæðis	56.149
Ritakaup	48.694
Landsaðgangur að stafrænum gögnum og tímaritum	58.214
Kostnaður vegna bókasafnskerfa (Landskerfi bókasafna og fleira)	18.819
Rekstur tölvu- og tækjabúnaðar	14.666
Önnur gjöld	46.869
Samtals	620.722
Tekjur	
Framlag Háskóla Íslands til ritakaupa	38.322
Innheimt vegna landsaðgangs að stafrænum gögnum og tímaritum	22.333
Aðrar tekjur	50.166
Af fjárlögum	485.570
Rekstrahalli	24.331
Samtals	620.722

